

Ed.

312. Frumvarp til laga

[151. mál]

um samkeppni í verðmyndun og samruna fyrirtækja.

Flm.: Albert Guðmundsson.

**I. HLUTI
SAMKEPPNISHÖMLUR**

**I. KAFLI
SAMNINGAR OG ÁKVARÐANIR UM SAMKEPPNISHÖMLUR**

1. gr.

Bann við samkeppnishömlum.

1) Samningar fyrirtækja og samningar eða ákvarðanir samtaka fyrirtækja, sem gerðir eru í þeim tilgangi að hafa áhrif á söluverð eða viðskiptaskilmála, skulu vera marklausir. Þannig er óheimilt að takmarka framleiðslu, deila markaði, samræma tilboð, hindra samkeppni eða hafa áhrif á markaðsaðstæður með öðru móti. Þetta ákvæði gildir, svo framarlega sem lög þessi ákveða ekki annað.

2) Hugtakið „ákvörðun samtaka fyrirtækja“ nær einnig yfir ákvarðanir teknar á fundum í félagssamtökum, svo framarlega sem aðilar þeirra eru fyrirtæki.

2. gr.

Löglegar samkeppnishömlur.

Samningar og ákvarðanir fyrirtækja og samtaka fyrirtækja um eftirtalin atriði eru heimilar, ef þær eru tilkynntar skv. 4. gr., enda nái þær ekki til verðs eða verðútreikningsaðferða:

1. Viðteknar viðskiptavenjur, afhendingar- og greiðsluskilmála, þar með talinn staðgreiðsluafsláttur.
2. Afslátt á vörum, ef slíkur afsláttur er raunveruleg umbun fyrir þjónustu, sem veitt er. Slíkur afsláttur má ekki leiða til óréttlætánlegrar mismununar milli framleiðslustiga eða viðskiptavina, sem inna af hendi sömu þjónustu við afhendingaraðila.
3. Útflutning, svo framarlega sem samkeppni í verslun með sömu vöru á innanlandsmarkaði skaðast ekki eða hagsmunir annarra íslenskra útflytjenda erlendis.
4. Samræmda notkun á stöðlum eða stöðluðum hlutum, gerð útboðsskilmála eða skilgreiningu á þjónustu eða verðsundurliðun, rannsóknar- eða tilraunastarfsemi.
5. Hagræðingu efnahagslegrar starfsemi með sérhæfingu eða samvinnu milli fyrirtækja, sem eykur hagkvæmni smárra eða meðalstórra fyrirtækja, enda hefti slíkt ekki samkeppni á markaðnum.

3. gr.

Leyfanlegar samkeppnishömlur.

Markaðsstofnun Íslands getur, ef um er beðið, leyft samning eða ákvörðun sama eðlis og lýst er í 1. gr.:

1. Ef sala dregst saman vegna varanlegra breytinga á eftirspurn og slíkur samningur eða ákvörðun er nauðsynleg til þess að samræma framleiðslu breyttri

eftirspurn og samkomulagið samrýmist heilbrigðri starfsemi efnahagslífsins og almannaheill.

2. Ef sá samningur einfaldar og bætir efnahagslega starfsemi og líklegt er, að hann auki verulega hagkvæmni og framleiðni þeirra fyrirtækja, sem þátt eiga í samningnum, frá tæknilegu, efnahagslegu og skipulagslegu sjónarmiði, og stuðlar þannig að auknu framboði eða lægra verði. Hagræðingin verður að vera nægileg með tilliti til þeirra hamla, sem hún hefur á samkeppni, einkum ef hún er samhliða verðsamningum eða stofnun sameiginlegra innkaupa eða sölusambanda.
3. Ef sá samningur eða ákvörðun nær einungis til innflutnings, þar sem hinn erlendi seljandi býr við óverulega samkeppni.
4. Í undantekningartilvikum, ef hömlur á samkeppni eru nauðsynlegar af algjörlega sérstökum efnahagslegum ástæðum í þágu almenningshagsmuna.
5. Til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun meiri hluta fyrirtækja í atvinnugrein og aðrar lagalegar eða efnahagslegar ráðstafanir eru ekki tiltækar.

4. gr.

Tilkynningarskylda löglegra samkeppnishamla.

1) Samningar og ákvarðanir, sem lýst er í 2. gr., og einnig viðbætur og breytingar á þeim, taka einnig gildi, ef þeir hafa verið tilkynntir Markaðsstofnun Íslands. Slíkir samningar skulu tilkynntir svo fljótt sem verða má. Tilkynningu skal fylgja umsögn þeirra annarra seljenda og kaupenda, sem samkomulagið kann að hafa áhrif á. Markaðsstofnunin getur óskað eftir umsögn ákveðinna aðila í þessu sambandi. Samningar, ákvarðanir, viðbætur og breytingar skulu skráðar í Skrá um samkeppnishömlur.

2) Tilkynntir samningar og ákvarðanir og einnig viðbætur og breytingar taka einungis gildi, ef Markaðsstofnunin mótmælir þeim ekki innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar. Mótmæli skulu borin fram af Markaðsstofnun, ef:

1. Skilyrðum til undanþágu frá 1. gr. er ekki fullnægt.
2. Það er augljóst, að samningurinn eða ákvörðunin hefur skaðleg áhrif á streymi framleiðslu eða viðskipta eða á fullnægjandi framboð til neytenda.
3. Stofnun atvinnurekstrar á einhverju framleiðslustigi er hindruð.
4. Þátttakendur á markaði sýna innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningar, að þeir verða fyrir óréttlætanageri mismunum vegna samningsins eða ákvörðunarinnar.

5. gr.

Leyfi til samkeppnishamla.

1) Samningar og ákvarðanir og einnig viðbætur og breytingar, sem leyfðar hafa verið samkvæmt 3. gr., skulu skráðar í Skrá um samkeppnishömlur.

2) Slík leyfi skulu ekki veitt til lengri tíma en þriggja ára í senn. Leyfi má framlengja, ef þáttökufyrirtæki senda hvert fyrir sig Markaðsstofnun Íslands skriflega beiðni um framlengingu innan þriggja mánaða, áður en leyfið fellur úr gildi.

3) Leyfið má innihalda takmarkanir og skilyrði.

4) Leyfið má afturkalla eða breyta með takmörkunum og skilyrðum, ef:

1. Viðkomandi kringumstæður hafa efnislega breyst.
2. Hringurinn eða þáttökufyrirtækin brjóta eitthvert skilyrði, sem fylgir leyfinu.
- 5) Leyfið skal afturkalla eða breyta með því að setja takmarkanir eða skilyrði, ef:
 1. Umsækjandi eða einhver annar hefur fengið leyfið á ólöglegan hátt, svo sem með svikum eða hótunum.

2. Viðskiptahringurinn eða þáttökufyrirtæki misnota leyfða undanþágu frá 1. gr.
3. Samningurinn eða ákvörðunin eða hvernig honum er framfylgt brýtur í bága við reglur varðandi verslun með vörur eða þjónustu, sem Ísland hefur samþykkt með alþjóðlegum samningum.
4. Viðskiptahringurinn brýtur hann, sem ákveðið er skv. 27. gr., 2) eða 3) málsgr. eða 28. gr.

6. gr.

Lok samninga.

Þegar samningar og ákvarðanir, sem lýst er í 4. og 5. gr. renna út eða þeim er hætt, skal það tilkynnt Markaðsstofnun Íslands. Slík tilkynning skal skráð í Skrá um samkeppnishömlur.

7. gr.

Skrá um samkeppnishömlur.

1) Markaðsstofnun Íslands skal annast færslu Skrár um samkeppnishömlur. Þau atriði, sem skulu skráð, eru:

1. Nafn fyrirtækis eða annað einkenni, ásamt staðsetningu fyrirtækis eða skrásettu skrifstofuaðsetri þáttökufyrirtækja.
2. Nöfn og heimilisföng eigenda eða sameigenda þáttökufyrirtækja. Ef fyrirtæki eru persónur að lögum, skal skrá nöfn og heimilisföng þeirra manna, sem hafa löglegt umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd.
3. Lagalegt form og heimilisfang viðskiptahringingsins.
4. Nafn og heimilisfang löghæfs fyrirsvarsmanns viðskiptahringingsins.
5. Aðalefni og ákvæði samninga eða ákvarðana, einkum hvað varðar þá vöru og þjónustu, sem þeir ná yfir, markmið þeirra, þær leiðir, sem fara á til þess að ná markmiðinu, gildistími þeirra, eða hvernig megi hætta þátttöku í samvinnunni.
6. Breytingar og viðbætur við liði 1—5.
7. Lok samninga og ákvarðana.
8. Sérhver tímatakörk, hömlur og skilyrði sett af Markaðsstofnun Íslands, jafnframt sérhver afturköllun leyfis og sérhver ógilding samnings eða ákvörðunar, sem Markaðsstofnunin gerir.

2) Tilkynningar og umsóknir um leyfi skulu gerðar skriflega.

3) Skráin um samkeppnishömlur skal vera opinber.

4) Nánari reglur um stofnun og færslu Skrár um samkeppnishömlur skulu settar í reglugerð, sem viðskiptaráðherra gefur út.

8. gr.

Opinber birting.

1) Tilkynning varðandi eftirfarandi skal birt í Lögbirtingablaðinu:

1. Tilkynningar um samninga og ákvarðanir þess eðlis, sem lýst er í 4. gr.
2. Umsóknir um leyfi til samninga og ákvarðana þess eðlis, sem lýst er í 5. gr.
3. Þau atriði, sem skrásett eru í Skrá um samkeppnishömlur, skv. 7. gr., 1) málsgrein, lið 3—8, gilda eins og við á varðandi innihald opinberrar tilkynningar samkv. lið 1—2.
4. Samruna fyrirtækja, sem tilkynntur er, sbr. 21. og 23. gr.

2) 23. gr. 4), fyrsti málsliður og annar málsliður, liðir 1—4 skulu gilda eins og við á varðandi innihald opinberra tilkynninga skv. 4. lið.

9. gr.

Misnotkun markaðsaðstöðu.

1) Þegar samningar og ákvarðanir eru þess eðlis, sem lýst er í 4. gr., getur Markaðsstofnunin gripið til þeirra ráða, sem lýst er í 2) málsgrein, ef:

1. Samningar og ákvarðanir eða hvernig þeim er framfylgt jafngildir misnotkun markaðsaðstöðu, sem fengist hefur vegna undanþágu frá 1. gr.
2. Þau brjóta reglur varðandi verslun með vörur og viðskiptaþjónustu, sem Ísland hefur samþykkt í alþjóðlegum samningum.

2) Þegar þær kringumstæður eru fyrir hendi, sem lýst er í 1) málsgrein, getur Markaðsstofnunin:

1. Fyrirskipað þáttökufyrirtækjum að hætta misnotkun markaðsaðstöðu.
2. Fyrirskipað þáttökufyrirtækjum að breyta samningum og ákvörðunum.
3. Lýst samninga og ákvarðanir marklausar.

10. gr.

Lagagildi samkomulags.

Samningur eða ákvörðun í samræmi við 2. og 3. gr. hefur ekkert lagalegt gildi, nema tilkynnt hafi verið Markaðsstofnun Íslands og ekki verið mótmælt, sbr. 2. og 4. gr., eða verið leyft, sbr. 3. og 5. gr.

11. gr.

Slit samkomulags.

1) Sérhver samningsaðili getur slitið samningum og ákvörðunum, sem lýst er í 2. og 3. gr., með skriflegri tilkynningu, sem tekur strax gildi.

2) Sérhver samningur, sem takmarkar eða bannar rétt til slits, skal verða marklaus.

II. KAFLI

UM VIÐSKIPTAHOMLUR

12. gr.

Markleysi samninga um endursöluverð.

Samningar milli fyrirtækja varðandi vörur eða viðskiptaþjónustu á innanlandsmarkaði skulu vera marklausir, ef þeir takmarka frelsi aðila til þess að ákveða verð eða viðskiptaskilmála í samningum, sem gerðir eru við þriðja aðila.

13. gr.

Endursöluverð bóka, blaða og tímarita.

12. gr. gildir ekki um útgáfufyrirtæki. Þeim er heimilt að skylda, með löglegum eða viðskiptalegum aðferðum, kaupendur á blöðum, bókum eða tímaritum, sem þau gefa út, til að framfylgja sérstöku endursöluverði og að framfylgja sömu skuldbindingum við viðskiptavinum sína, alla leið til hins endanlega neytanda.

14. gr.

Eftirlit með framkvæmd 12. og 13. gr.

1) Markaðsstofnun Íslands má að eigin frumkvæði og skal, ef beiðni berst frá kaupanda, sem bundinn er skv. 13. gr., lýsa því yfir, að ákvörðun endursöluverðs á næsta sölustigi skuli vera marklaus, annaðhvort strax eða frá og með

ákveðnum degi, og banna starfrækslu nýs og svipaðs fyrirkomulags um ákvörðun endursöluverðs, ef hún kemst að því, að:

1. Ákvörðun endursöluverðs á næsta sölustigi er misnotuð.
 2. Ákvörðun endursöluverðs á næsta sölustigi eða samsetning ákvörðunar um endursöluverð og annarra takmarkana á samkeppni séu líklegar til þess að hækka verð á viðkomandi vörum, hindra verð þeirra frá því að lækka eða hindra framleiðslu eða sölu á þessum vörum.
- 2) Áður en aðgerðir eru hafnar skv. 1) málsgrein, skal Markaðsstofnun Íslands kveðja til þau fyrirtæki, sem ákveða endursöluverð á næsta sölustigi, og fá þau til þess að hætta misnotkuninni.

15. gr.

Takmörkun viðskiptafrelsis.

Markaðsstofnun Íslands má lýsa samninga milli fyrirtækja varðandi vörur eða viðskiptaþjónustu marklausa:

1. Ef þeir takmarka frelsi aðila til þess að kaupa, nota eða selja vörur eða þjónustu.
2. Ef þeir skylda aðila til þess að kaupa vörur eða þjónustu, sem er óskyld efnisatriðum samninga eðli þeirra samkvæmt eða samkvæmt almennri viðskiptavenju.

16. gr.

Áhrif banns á óskyld samningsatriði.

1) Ef Markaðsstofnun Íslands lýsir ákvörðun endursöluverðs eða hömlur þess eðlis, sem lýst er í 15. gr., marklausar, skal ákvarða gildi annarra skilmála samningsins, sem þessum atriðum eru skyld, eftir almennum lagareglum, sbr. þó ákvæði 2. málsgreinar.

2) Þegar Markaðsstofnun Íslands tekur ákvörðun eins og lýst er í 1) málsgrein, má hún, ef beiðni kemur frá samningsaðila, fyrirskipa samhliða, að yfirlýsing um markleysi skulu ekki ná til gildis annarra atriða í samningnum. Slíka fyrirskipun má aðeins gefa út, sé hún nauðsynleg til þess að hindra, að aðili að samningnum verði fyrir verulegum erfiðleikum, og ef það er ekki gagnstætt yfirgnæfandi hagsmunum annars aðila að samningnum.

17. gr.

Um höfundarrétt, einkaleyfi o. þ. h.

1) Samningar varðandi öflun og notkun einkaleyfa, vinnulíkana, eða höfundarréttar skulu vera marklausir, ef þeir leggja á móttakendur eða leyfistaka einhverjar takmarkanir í viðskiptalegum efnunum, sem eru umfram gildissvið hins verndaða réttar. Takmarkanir, sem varða tegund, gildissvið, magn, svæði eða tíma slíks réttar, eru ekki taldar vera fyrir utan slíkt gildissvið.

2) Sé um það sótt, getur Markaðsstofnun Íslands samþykkt samning samkvæmt 1) málsgrein, ef viðskiptafrelsi kaupanda, einkaleyfistaka eða annarra fyrirtækja er ekki hindrað á óréttlætulegan hátt og ef samkeppni á markaði er ekki skert verulega. 5. gr., 3) og 5) málsgrein gilda eins og við á.

3) Ákvæði 17. gr. hafa engin áhrif á 1—11. gr.

18. gr.

Óverndaðir hagsmunir.

17. gr. gildir eins og við á um samninga varðandi framsöl á nýtingarrétti lagalega óverndaðra uppfinninga, framleiðsluaðferða, tæknilegrar hönnunar og annarra tæknilegra ávinninga og jafnframt lagalega óverndaðra framfara í ræktunaraðferðum á sviði plöntuuppeldis, að svo miklu leyti sem þetta samsvarar viðskiptaleyndarmálum.

III. KAFLI
STARFSSEMI MARKAÐSRÁÐANDI FYRIRTÆKJA

19. gr.

Markaðsráðandi fyrirtæki.

1) Fyrirtæki telst markaðsráðandi í skilningi þessara laga, ef það sem seljandi eða kaupandi vissra vara eða þjónustu:

1. Hefur engan keppinaut eða á ekki í neinni verulegri samkeppni.
2. Ræður yfir markaðsaðstöðu, sem er verulega hagstæðari en keppinauta. Til þess að ákveða þetta skal athuga, auk markaðshlutdeildar, fjárhagsstyrkleika, aðstöðu til öflunar aðfanga eða til þess að koma afurðum eða þjónustu á markað, tengsl við önnur fyrirtæki og lagalegar eða raunverulegar hindranir annarra aðila til stofnunar nýrra fyrirtækja á markaðnum.

2) Tvö eða fleiri fyrirtæki skulu einnig talin vera markaðsráðandi, ef engin umtalsverð samkeppni á sér stað á milli þeirra, sem staðreyna má annaðhvort almennt eða á vissum sviðum, og þau í sameiningu fullnægja þeim skilyrðum, sem talin eru upp í 1) málsgrein.

3) Það skal vera talið, að:

1. Fyrirtæki sé markaðsráðandi í skilningi 1) málsgreinar, ef markaðshlutdeild þess er að minnsta kosti 50% af markaði vörutegundar eða þjónustu.
2. Þau skilyrði, sem talin eru upp í 2) málsgrein, eru talin vera til staðar varðandi vörutegund eða þjónustu, ef:
 - a. Tvö fyrirtæki ráða í sameiningu yfir 75% af markaðnum eða meira.
 - b. Þrjú fyrirtæki ráða í sameiningu 90% markaðsins eða meira.

Með vörutegund er hér átt við einstaka vörutegund og safn skyldra vörutegunda, en markaður telst það landssvæði, þar sem fyrirtæki eru í beinni eða óbeinni samkeppni.

4) Ef markaðsráðandi fyrirtæki misnotar markaðsaðstöðu sína, má Markaðsstofnun Íslands banna slíka misnotkun og lýsa samninga ógilda. Varðandi önnur atriði samnings, sem bannaður er, gilda ákvæði 16. gr. eins og við á. Áður en misnotkun eða samningar eru bannaðir, skal Markaðsstofnunin fara þess á leit við viðkomandi aðila, að þeir hætti þeirri misnotkun, sem mótbárurnar eru reistar á.

20. gr.

Dótturfyrirtæki og tengd fyrirtæki.

1) Dótturfyrirtæki telst fyrirtæki, ef það er meirihlutaeign annars fyrirtækis. Fyrirtæki telst tengt öðru fyrirtæki, ef það:

1. Hefur samþykkt yferráðasamninga.
2. Hefur sameiginlega framkvæmdastjórn með öðru fyrirtæki.
3. Hefur sameinast öðru fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn, og myndað þannig samsteypu, þótt fyrirtækin séu lagalega aðskilin.

2) Fullnægi fyrirtæki ásamt dótturfyrirtækjum og tengdum fyrirtækjum skilyrðum 1) málsgreinar 19. gr. má Markaðsstofnun Íslands nota vald sitt samkvæmt 4) málsgrein 19. gr. hvað varðar fyrirtækin sem heild.

21. gr.

Samruni fyrirtækja.

1) Samruna fyrirtækja skal þegar tilkynna Markaðsstofnun Íslands, ef fyrirtæki hafa fyrir eða öðlast að minnsta kosti 40% markaðshlutdeildar.

2) Ef eitthvert þáttökufyrirtækjanna fellur undir eða er tengt fyrirtækjum samkvæmt skilningi 20. gr. skal líta á þessi fyrirtæki sem eitt við ákvörðun markaðshlutdeildar.

3) Eftirfarandi viðskipti skulu talin samruni samkvæmt skilningi þessara laga, nema þegar slíkur samruni leiðir ekki til umtalsverðrar styrkingar á sambandi fyrirtækjanna:

1. Yfirtaka allra eða verulegs hluta eigna annars fyrirtækis með sameiningu, endurskipulagningu eða á sérhvern hátt.
2. Yfirtaka eignarhluta í öðru fyrirtæki, að því tilskyldu, að sá eignarhluti tryggi fyrirtæki meirihluta yfiráð.

Með þeim eignarhluta, sem er í eigu þess fyrirtækis, sem yfirtekur hitt, skal einnig telja eignarhluta, sem eru í eigu tengdra fyrirtækja samkvæmt skilningi 20. gr. eða eru í vörslu annarra fyrirtækja í umboði eins af þessum fyrirtækjum. Ef einstaklingur eða samtök einstaklinga, sem ekki eru fyrirtæki, eru skráð fyrir meirihlutayfiráðum í fyrirtæki og öðlast eignarhluti í öðrum fyrirtækjum, skulu þeir í þessu tilviki taldir vera fyrirtæki.

3. Samningar við önnur fyrirtæki, þar sem samsteypa skv. skilningi 20. gr. er mynduð eða hópur tengdra fyrirtækja er stækkaður, eða fyrirtæki tekur að sér rekstur í umboði annars fyrirtækis eða ákveður að flytja allan hagnað sinn eða hluta hans til þess fyrirtækis, eða þar sem verksmiðja fyrirtækis eða umtalsverður hluti hennar er leigður eða á annan hátt yfirtekinn af öðru fyrirtæki.
4. Það ástand skapast, þar sem að minnsta kosti helmingur stjórnar fyrirtækja eða sérhverrar annarrar stjórnardeildar fyrirtækja eru sömu einstaklingarnir.
5. Sérhver önnur samtenging fyrirtækja, sem hefur þá afleiðingu, að eitt eða fleiri fyrirtæki geta beint eða óbeint náð ráðandi yfiráðum yfir öðru fyrirtæki.

4) Ef lánastofnun eignast hlut í öðru fyrirtæki við stofnun, aukningu fjármagns eða sérhverrar annarrar stjórnarheildar fyrirtækja eru sömu einstaklingarnir.

samruni, svo framarlega sem lánastofnunin beitir ekki þeim atkvæðisrétti, sem tengdur er eignarhlutnum, og selur hann innan eins árs. Þegar fyrirtæki er stofnað, skal beiting atkvæðisréttar á fyrsta almenna fundi eftir stofnun félagsins ekki teljast samruni. Ef nokkur fyrirtæki vegna samnings eða á annan hátt starfa saman á þann hátt, að þau geta í sameiningu haft ráðandi áhrif á þáttökufyrirtæki, skal sérhvert þeirra vera talið ráðandi fyrirtæki. Þegar slíkt fyrirtæki bindast með samruna, skal hið ráðandi fyrirtæki og einnig þau fyrirtæki, sem er stjórnað af hinu ráðandi fyrirtæki, teljast þátttakendur í samrunanum. Ef fleiri en tvö fyrirtæki sameinast, skal það einnig vera talinn samruni við þau fyrirtæki, sem ráða þeim.

22. gr.

Markaðshlutdeild.

1) Eftirfarandi reglur skulu gilda við ákvörðun markaðshlutdeildar og stærðar fyrirtækja:

1. Eigin vörusölu fyrirtækis skal telja á útsöluverði að frádregnum afslætti, skiludum vörum og söluskatti. Umboðssölu skal telja á sama hátt, en ekki tekjur af umboðsþóknun.
2. Tekjur af seldri þjónustu skal telja á útsöluverði að frádregnum söluskatti.
3. Starfsmannafjöldi skal metinn í mannaárum, þar sem eitt mannaár telst 52 vinnuvikur.
4. Sölutekjum í erlendri mynt skal breytt í innlenda á kaupgengi er sala fer fram.
5. Hjá lánastofnunum og byggingar- og lánafyrirtækjum skal í stað veltu nota 1/10 af heildareignum, og hvað varðar tryggingafélög skal nota iðgjaldatekjur síðastliðins heils viðskiptaárs. Upphæðir, sem skráðar eru sem fjárfesting í

tengdum fyrirtækjum, skal draga frá niðurstöðutölum efnahagsreiknings. Iðgjaldatekjur þýða tekjur af tryggingum og endurtryggingum, þar með taldar fjárhæðir látnar af hendi til endurtryggjenda.

6. Hjá tengdum fyrirtækjum skulu sölutekjur lagðar saman að frádregnum innbyrðis viðskiptum. Heildareignir skulu einnig lagðar saman að frádreginni fjárfestingu í tengdum fyrirtækjum. Starfsmannafjöldi skal talinn samanlagður fjöldi manna hjá hinum tengdu fyrirtækjum.
7. Hjá fyrirtækjum, sem einungis stunda vörusölu, skal einungis taka tillit til $\frac{3}{4}$ hluta sölutekna.
8. Við mat eigna skal nota tryggingarverð fastafjármuna, en markaðsverð lausafjármuna.

2) Markaðsstofnun Íslands getur beðið sérshvert þátttökufyrirtæki um að veita upplýsingar um markaðshlutdeild, ásamt skýringum, hvernig hún er útreiknuð eða áætluð, einnig um sölutekjur af sérstökum vörutegundum eða þjónustu, sem fyrirtækið bókfærði á síðasta viðskiptaári á undan samrunanum. Ef þátttökufyrirtæki er tengt fyrirtæki, má hún einnig biðja um sömu upplýsingar varðandi tengd fyrirtæki. Markaðsstofnunin skal setja því sanngjörn tímamörk, hvenær slíkar upplýsingar þurfa að hafa borist.

23. gr.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna.

1) Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja, sbr. 19.—21. gr. skal senda Markaðsstofnun Íslands fjórum mánuðum áður en samruni (sbr. 19.—21. gr.) á sér stað. Markaðsstofnunin skal úrskurða um heimild til samruna innan fjögurra mánaða frá móttöku upphaflegrar tilkynningar. Ef Markaðsstofnunin óskar frekari upplýsinga en nefndar eru í 2) málsgrein, skal Markaðsstofnunin gera það innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar. Framlengist þá frestur til úrskurðar um þann tíma, sem líður frá móttöku upphaflegrar tilkynningar og þar til umbeðnar upplýsingar berast.

2) Samruni, sem ekki er tilkynntur, en fellur undir ákvæði í 19.—21. gr. er uppleysanlegur, sbr. 25. gr. Slíkur samruni er ólöglegur. Einnig er ólöglegt að fullkomna fyrirhugaðan samruna, áður en úrskurður er fenginn hjá viðkomandi yfirvöldum.

3) Í tilkynningu um samruna skal gefa til kynna, hvers konar tegund samruna á sér stað. Auk þess skal hún gefa eftirfarandi upplýsingar varðandi hvert þátttökufyrirtæki:

1. Nafn fyrirtækis eða önnur einkenni og staðsetningu fyrirtækis eða skrásetta skrifstofu.
2. Tegund viðskipta.
3. Að svo miklu leyti sem ákvæði 21. gr. eiga við, skal taka fram markaðshlutdeild í samræmi við reglur 22. gr.
4. Þegar eignarhluti í öðru fyrirtæki er yfirtekinn, sbr. 21. gr. skal taka fram heildarupphæð þess eignarhluta, sem yfirtekinn er, ásamt heildareignarhluta í fyrirtækinu.

Ef þátttökufyrirtæki eru tengd fyrirtæki skv. skilningi 20. gr. þarf einnig að taka fram þau atriði, sem krafist er í 1.—3. tölulið fyrir hin tengdu fyrirtæki.

4) Þeir aðilar, sem senda skulu tilkynningu um fyrirhugaðan samruna fyrir hönd viðkomandi fyrirtækja, eru:

1. Eigendur þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í samrunanum, eða fulltrúar þeirra, þegar full sameining á sér stað (21. gr. 3) málsgrein, 1. liður).
2. Eigendur yfirtökufyrirtækisins eða hins nýstofnaða fyrirtækis eða fulltrúar þeirra, þegar samruni eða endurskipulagning á sér stað (21. gr., 3) málsgrein, 2.—5. liður).

24. gr.

Bann við samruna.

1) Ef líklegt er að markaðsráðandi aðstaða skapist eða styrkist við samruna, skal Markaðsstofnun Íslands banna samrunann, nema þáttökufyrirtækin sanni, að samruninn muni leiða til bættrar samkeppnisskilyrða, sem séu þyngri á metunum en ókostirnir við markaðsyfírráðin.

2) Samruna má banna jafnskjótt og Markaðsstofnunin fær vitneskju um, að slíkur samruni muni eiga sér stað. Þegar samruni hefur átt sér stað, má Markaðsstofnunin einungis banna hann innan eins árs frá móttöku fullnægjandi tilkynningar skv. 23. gr. Áður en bannið er úrskurðað, skal sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi, þar sem þáttökufyrirtæki eru staðsett, gefið tækifæri á því að láta skoðanir sínar í ljós. Fullkomnaður samruni, sem hefur verið bannaður af Markaðsstofnuninni, skal kærður til Markaðsdómstólsins, sem ákveður, hvort leysa skuli hann upp, og kveður á um fullnægjandi aðgerðir í því sambandi.

3) Ef fyrirhugaður samruni hefur verið tilkynntur Markaðsstofnun Íslands, má hún því aðeins banna hann, að hún hafi tilkynnt aðilum, innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar, að stofnunin hafi hafið rannsókn á samrunanum, enda verði ákvörðunin um hann tekin innan fjögurra mánaða frá móttöku tilkynningar. Markaðsstofnunin má þó einnig banna samruna eftir að fjórir mánuðir eru liðnir, ef:

1. Fyrirtækin, sem þátt tóku í samrunanum, hafa fallist á lengingu tímafrests.
2. Samrunanum er lokið, þó að rannsókn hafi hafist innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar, ef Markaðsstofnunin hefur tilkynnt aðilum um rannsóknina.
3. Málsatvik breytast verulega, eða upplýsingar fyrirtækja, sem þátt tóku í samrunanum, eða annarra aðila reynast rangar eða ófullkomnar.
4. Upplýsingar samkv. 23. gr. eða 50. gr. voru ekki láttnar í té á tilsettum tíma, sem veldur framlengingu frests til úrskurðar.

25. gr.

Upplausn samruna.

1) Markaðsstofnun Íslands getur ekki fyrirskipað upplausn markaðsráðandi fyrirtækja vegna markaðsaðstöðu, sem fyrirtæki höfðu fyrir setningu þessara laga. Ef slík markaðsyfírráð eru aukin með samruna, gilda ákvæði þessara laga. Einnig getur Markaðsstofnunin bannað misnotkun markaðsaðstöðu, sbr. 19. gr.

2) Þegar markaðsráðandi fyrirtæki reka fjölþætta starfsemi, skulu þau gæta þess í verðlagningu og viðskiptamálum, að tekjur af hverjum rekstrarþætti standi undir þeim kostnaði, sem af rekstrinum leiðir. Ef markaðsráðandi fyrirtæki misnotar þannig aðstöðu sína til tjóns fyrir samkeppni eða bætir með því markaðsaðstöðu sína má Markaðsstofnunin:

1. Láta fyrirtækið rökstyðja verðlagningu sína.
2. Hækka verð á vöru þess eða þjónustu, ef verðið stendur ekki undir öllum kostnaði og slíkt getur valdið mismunum á samkeppnisaðstöðu og aukið markaðsyfírráð fyrirtækisins.
3. Ef um ítrekuð brot er að ræða og aðrar leiðir reynast ófærar, má Markaðsstofnunin fyrirskipa upplausn fyrirtækisins, þannig að rekstrarþættir þess verði aðskildir. Þetta gildir einnig þó að markaðsaðstaðan hafi verið fyrir hendi fyrir gildistöku þessara laga.

3) Upplausn samruna fyrirtækja, sem þegar hefur verið framkvæmdur, má einnig gera með því að afnema samkeppnishömlur á annan hátt en þann, að hið fyrri fyrirkomulag sé endurnýjað. Við upplausn samruna, skal Markaðsstofnunin fyrirskipa þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að ná þeim markmiðum, sem keppt er að, með sem minnstum tilkostnaði fyrir þá, sem upplausnina þola, um leið og fullt tillit er tekið til hagsmuna þriðja aðila.

26. gr.

Undanþágur.

19., 20., 21. og 23.—25. gr. gilda ekki um samruna fyrirtækja, sem nær einungis til einnar tegundar vöru eða þjónustu, ef 40% af viðkomandi markaði er enn í höndum annarra fyrirtækja, samkeppni ríkir á markaðnum og möguleikar á þátttöku nýrra fyrirtækja eru fyrir hendi.

IV. KAFLI

ÓLÖGLEG MARKAÐSHEGÐUN

27. gr.

Þvingun.

1) Samstillt starfsemi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, sem skv. þessum lögum má ekki gera að bindandi samningi, skal vera bönnuð.

Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja skulu ekki ógna eða valda skaða eða lofa ívilnun til annarra fyrirtækja í þeim tilgangi að fá þau til þess að framkvæma verknað sem skv. þessum lögum má ekki gera að efnisatriði samningsbundinnar skuldbindingingar.

3) Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja skulu ekki þvinga önnur fyrirtæki:

1. Til þess að taka þátt í samningi eða ákvörðun, sem bönnuð er með þessum lögum.
2. Til þess að sameinast öðrum fyrirtækjum.
3. Til þess að starfa á samræmdan hátt á markaði í þeim tilgangi að hamla gegn samkeppni.

28. gr.

Sölnun.

1) Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja skulu hvorki hvetja önnur fyrirtæki eða samtök fyrirtækja til þess að neita að selja eða kaupa í þeim tilgangi að skaða vissa samkeppnisaðila þeirra á óréttlæt看anlegan hátt né hvetja til annarrar mismununar í sama tilgangi.

2) Markaðsráðandi fyrirtæki, samtök fyrirtækja samkv. 2. og 3. gr., útgáfufyrirtæki, sem ákveða verð, sbr. 13. gr., og einnig önnur fyrirtæki og samtök fyrirtækja, skulu hvorki beint né óbeint synja öðrum fyrirtækjum um viðskipti á óréttlæt看anlegan hátt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum, né án réttmætra raka mismuna slíkum fyrirtækjum beint eða óbeint. Þetta ákvæði á sérstaklega við, ef kaupendur á vissum vörum eða þjónustu treysta á þau um framboð og ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum.

3) Óréttlæt看anleg mismunun telst m. a. vera til staðar, þegar kaupandi er reiðubúinn til og hefur getu til að mæta öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn. Þegar svo stendur á, má Markaðsstofnun Íslands fyrirskipa sölu.

29. gr.

Verðmismunun.

1) Fyrirtæki skulu ekki mismuna viðskiptavinum sínum í verði á vöru eða þjónustu, til hugsanlegs skaða fyrir samkeppni. Verðmismunun má réttlæta af eftirtöldum ástæðum:

1. Kostnaður viðskiptanna er mismunandi við framleiðslu, sölu eða afhendingu vegna mismunandi magns, söluaðferða eða afhendingarskilmála.
2. Verð er lækkað samkvæmt bestu vitund til þess að mæta samkeppni um verð, þjónustu eða aðstöðu keppnautar á sama framleiðslustigi.
3. Umræddar vörur eða þjónusta er ekki eins.
4. Vara eða þjónusta er seld til mismunandi nota.

5. Vara eða þjónusta er seld til aðskilinna markaða, sem eiga ekki í samkeppni.
6. Sala á sér stað á mismunandi tíma.
7. Vörur eru seldar til mismunandi framleiðslustiga. Mismunandi afslætti þarf þó ávallt að vera hægt að réttlæta út frá mismunandi kostnaði, sbr. 2. gr. 2. lið.

2) Markaðsstofnun Íslands má hvenær sem er krefja fyrirtæki um réttlætingu og rökstuðning fyrir verðmismunun. Slíkan rökstuðning ber fyrirtækjum ávallt að hafa handbæran, þegar verðmismunun er beitt. Geti fyrirtæki ekki tafarlaust réttlætt verðmismunun eða slíkur rökstuðningur er ónógur til þess að verðmismununin sé réttlætanleg, má Markaðsstofnunin banna hana tafarlaust. Jafnframt má hún fyrirskipa, að viðskipti skulu ganga til baka eða að öðrum kosti að kaupandi greiði sama verð og aðrir hafa gert við sömu aðstæður.

30. gr.

Auglýsingaþjónusta.

1) Það skal vera ólöglegt hjá seljanda að greiða fyrir sérhverja þjónustu, sem viðskiptavinur lætur í té vegna sölu, eða söluörvun á vöru eða þjónustu seljanda, nema slík greiðsla eða umbun sé boðin á sambærilegum skilmálum öllum fyrirtækjum, sem dreifa slíkri vöru eða þjónustu í innbirðis samkeppni.

2) Í þessu sambandi skal það ekki talið nægilegt, að öllum viðskiptavinum, sem eiga í innbyrðis samkeppni, sé heimil þátttaka, heldur þurfa öllum viðskiptavinum að vera kynntir möguleikar á þátttöku, jafnvel þótt vitað sé, að vissir viðskiptavinir muni ekki nota rétt sinn til þátttöku.

3) Sú þjónusta, sem kann að vera greitt fyrir og þessi grein nær til, er m. a.:

1. Auglýsingar í fjölmiðlum.
2. Aðrar auglýsingar.
3. Gluggaústillingar og önnur söluörvun.
4. Sólulaun, sem greidd eru afgreiðslufólki, sölumönnum og öðru starfsfólki kaupanda.
5. Vörusýningar og kennsla í meðferð vara.
6. Fullkomið úrval hjá dreifingaraðila af söluvörum seljanda.

31. gr.

Sala undir kostnaðarverði.

1) Það skal vera ólöglegt að selja vöru eða þjónustu undir kostnaðarverði í þeim tilgangi að skaða samkeppni eða knésetja keppinaut.

2) Sala undir kostnaðarverði er ekki ólögleg, þegar slíkt er gert vegna viðskipta-sjónarmiða, svo sem:

1. Til að losna við umframvörubirgðir, gamlar eða úreltar vörur eða vörur, sem hætta er á að geti skemmst.
2. Til þess að mæta sambærilega lágu verði keppinautar.
3. Til þess að örva viðskipti með aðrar vörur, mest 14 daga með notkun sömu vöru ekki oftár en tvisvar á ári.

32. gr.

Umboðssala.

1) Innlendum seljendum er óheimilt að nota umboðssölufyrirkomulag til þess að mismuna viðskiptavinum á óréttlætanlegan hátt.

2) Mismunun telst óréttlætanleg, sé hún talin svo í öðrum greinum þessara laga.

33. gr.

Aðild að samtökum um gæðamerki og stimpla.

1) Ef fyrirtæki er neitað um aðgang að samtökum um gæðamerki eða gæðastimpla (sbr. lög nr. 89/1935, 3. maí) má Markaðsstofnun Íslands, eftir beiðni þess fyrirtækis, fyrirskipa slíka aðild, ef neitunin jafngildir sannanlegri, óréttlætanlegri mismunun og setur slíkt fyrirtæki í verri samkeppnisaðstöðu.

2) Tilskipunin má innihalda skilyrði.

3) Tilskipunina má afturkalla, ef:

1. Viðkomandi aðstæður hafa efnislega breyst.
2. Fyrirtækið hefur öðlast aðild á ólöglegan hátt, svo sem með svikum eða hótunum.

34. gr.

Verðleiðsögn.

1) Einstökum fyrirtækjum er heimilt að gefa leiðbeinandi tilmæli um verð á næsta sölustigi vegna endursölu á merktum framleiðsluvörum, sem eru í verðsamkeppni við samsvarandi vörur annarra framleiðenda, ef tilmælin eru þannig:

1. Að skýrt er tekið fram, að tilmælin séu ekki bindandi, og enginn efnahagslegur, þjóðfélagslegur eða annars konar þrýstingur er notaður til þess að framfylgja þeim.

2. Að hið leiðbeinandi verð samsvarar því verði, sem líklegt er að vera sett á vöruna af meiri hluta þeirra, sem ætlað er að selja hana.

2) Samtökum smárra og meðalstórra fyrirtækja er heimilt að samræma tilmæli sín um endursöluverð, ef slík tilmæli þjóna þeim tilgangi að örva hagkvæmni þeirra gagnvart stórum fyrirtækjum eða öðrum meiri háttar fyrirtækjum og bæta þannig samkeppnisskilyrði. Slík tilmæli mega þó ekki vera bindandi og þeim má ekki framfylgja með efnislegum eða þjóðfélagslegum þvingunum, sbr. lið 1.

3) Merktar vörur í skilningi 1) málgreinar eru framleiðsluvörur, þar sem þau fyrirtæki, sem gefa leiðbeinandi verð, ábyrgjast afhendingu vörunnar þannig, að hún sé stöðugt söm eða vaxandi að gæðum, og þar sem þær sjálfar, þar sem þökkun þeirra eða afhendingarháttur neytandans eða þar sem umbúðir þeirra við sölu eru auðkenndar með merki, sem gefur til kynna uppruna þeirra (einkenni fyrirtækis, orð eða annað merki). Ákvæði þessarar greinar gilda einnig varðandi landbúnaðarafurðir með fyrirvara um minni háttar breytingar á gæðum, sem orsakast vegna eðlis vörunnar og ekki er hægt að bæta úr aðferðum, sem með sanngirni er hægt að krefjast af framleiðendum.

4) Markaðsstofnun Íslands má lýsa verðleiðsögn ólöglega og banna ný svipuð tilmæli, ef hún telur, að tilmælin samsvari misnotkun, sérstaklega ef:

1. Tilmælin sjálf eða í samhengi við aðrar hömlur á samkeppni eru líkleg til, á óréttlætanlegan hátt vegna efnahagsaðstæðna, að hækka verð á vörum eða hindra verð þeirra frá því að lækka eða hindra framleiðslu eða sölu slíkra vara.

2. Tilmælin eru líkleg til þess að blekkja neytandann varðandi verð, sem sett er upp af meiri hluta þeirra, sem tilmælin ná til.

3. Hið leiðbeinandi verð er í flestum tilfellum að umtalsverðu leyti hærra en það verð, sem raunverulega er sett á vöruna.

4. Með samningum um dreifingu eða með öðrum aðferðum af hálfu þess fyrirtækis, sem gefur hið leiðbeinandi verð, eru viss fyrirtæki eða viss hópur kaupenda útilokaður frá dreifingu varanna án nokkurra ástæðna, sem réttlæta slíka aðgerð.

5) Markaðsstofnun Íslands má krefja fyrirtæki, sem gefur leiðbeinandi verð, um upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að sannreyna þau skilyrði, sem sett eru í 4) málgrein. Markaðsstofnunin skal setja því sanngjörn tímamörk, innan hvers tíma slíkar upplýsingar þarf að láta í té.

6) Áður en tekin er ákvörðun skv. 4) málgrein, skal Markaðsstofnunin fara þess á leit við fyrirtæki, sem gefur út leiðbeinandi verð, að það hætti misnotkun þeirri, sem gagnrýnd er.

7) Markaðsstofnun Íslands má banna fyrirtæki að beita tilmælum þess eðlis, sem lýst er í 1) málsgrein, ef verðleiðsögn þess skv. 4) málsgrein hefur tvívegis verið lýst ólögleg og talið er, að fyrirtækið muni halda áfram misnotkuninni. Markaðsstofnunin má nema slíkt bann úr gildi, ef ástæða er til þess að ætla, að misnotkun verði hætt.

V. KAFLI SAMKEPPNISREGLUR

35. gr.

Skrá um samkeppnisreglur.

1) Verslunar- og iðnaðarsamtök og starfsgreinafélög mega koma á samkeppnisreglum hvert á sínu svið.

2) Samkeppnisreglur í skilningi þessara laga skulu vera ákvæði, sem ákveða hegðun fyrirtækja í samkeppni í þeim tilgangi að vinna gegn hegðun, sem brýtur reglur heiðarlegrar samkeppni.

3) Verslunar- og iðnaðarsamtök og starfsgreinafélög skulu sækja til Markaðsstofnunar Íslands um skrásetningu samkeppnisreglna í Skrá um samkeppnisreglur. Sama gildir um sérhverjar breytingar á og viðbætur við áður skrásettar reglur um samkeppni.

36. gr.

Samningar um samkeppnisreglur.

Samningar, þar sem þátttakendur skuldbinda sig til þess að fylgja skrásettum samkeppnisreglum skv. skilningi 35. gr. skulu ekki taldir samningar eða ákvarðanir í skilningi 1. gr. þessara laga.

37. gr.

Rannsókn á samkeppnisreglum.

Fyrirtækjum á sama framleiðslustigi, sem ekki taka þátt í samkeppnisreglunum, verslunar- og iðnaðarsamtökum og starfsgreinafélögum seljanda og kaupanda, sem þessar samkeppnisreglur geta varðað, og öðrum samtökum fyrirtækja á þeim framleiðslustigum, sem við á, skal gefið tækifæri til að koma skoðunum sínum á viðkomandi samkeppnisreglum á framfæri við Markaðsstofnunina. Markaðsstofnunin má halda opinberar vitnaleiðslur varðandi umsókn um skrásetningu. Við slíkar vitnaleiðslur má hver og einn bera fram mótmæli við skrásetninguna.

38. gr.

Umsóknir um skrásetningu samkeppnisreglna.

1) Markaðsstofnun Íslands má hafna umsókn um skrásetningu á samkeppnisreglu, ef slík regla eða samningur, sem við hana á, skv. skilningi 36. gr., takmarkar ákvæði þessara laga, laga um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum eða annarra laga, þegar tekið hefur verið tillit til viðeigandi og skyldra dóma eða annarra ákvæða í lögum.

2) Verslunar- og iðnaðarsamtök og starfsgreinafélög skulu tilkynna Markaðsstofnun Íslands um afnám sérhverra reglna um samkeppni, sem þau hafa samþykkt og skrásett.

3) Markaðsstofnun Íslands skal sjá til þess, að skrásetning sé afmáð, ef hún síðar kemst að því, að skilyrði fyrir synjun skv. 1) málsgrein er fullnægt, eða ef henni er tjáð um afturköllun samkeppnisreglu skv. 2) málsgrein.

39. gr.

Tilkynningar um samkeppnisreglur.

- 1) Tilkynningu um eftirfarandi skal birta í Lögbirtingablaði:
1. Umsóknir skv. 35. gr. 3) málsgrein.
 2. Dagsetningar, sem ákveðnar eru vegna opinberrar vitnaleiðslu skv. 37. gr. 2. málslið.
 3. Skrásetningu samkeppnisreglna og viðbætur og breytingar á þeim.
 4. Afnáam samkeppnisreglna skv. 38. gr. 3) málsgrein.
- 2) Birting umsóknar skv. 1) málsgrein, 1. lið, skal innihalda athugasemd um það, að samkeppnisreglurnar, sem sótt hefur verið um skrásetningu á, séu til sýnis almenningi hjá Markaðsstofnun Íslands.

40. gr.

Reglugerð um Skrá um samkeppnisreglur.

Frekari ákvæði um stofnun og starfrækslu Skrár um samkeppnisreglur skulu sett af viðskiptaráðherra í reglugerð.

VI. KAFLI
VERÐMYNDUN

41. gr.

Verðákvarðanir.

Fyrirtæki skulu ákveða verð á vörum sínum og þjónustu án íhlutunar opinberra aðila eða afskipta annarra fyrirtækja með eftirfarandi undantekningum:

1. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið verð til bænda á landbúnaðarafurðum, miðað við afhendingu til vinnslustöðvar að frádregnum flutningskostnaði, og einnig heilðsöluverð landbúnaðarafurða frá vinnslustöð.
2. Verðlagsráð sjávarútvegsins getur ákveðið verð á sjávarafli miðað við afhendingu frá skipshlið í höfn.

42. gr.

Verðstöðvun.

1) Viðskiptaráðherra getur ákveðið verðstöðvun í einn mánuð í senn. Slíka verðstöðvun má framlengja tvívegis, þannig að hámark samfelldrar verðstöðvunar verði ekki lengri en þrjú mánuðir.

2) Verðstöðvun verður að vera algjör og má ekki mismuna fyrirtækjum. Ákveði viðskiptaráðherra að beita slíkri verðstöðvun, má hvorki hækka verð á innlendri né erlendri vöru og þjónustu, laun eða leigu fyrir afnot fastafjármuna eða lausafjármuna á meðan slík ákvörðun gildir. Gildir þetta jafnt um opinber fyrirtæki sem einkafyrirtæki.

43. gr.

Verðlag.

Stjórnvöld skulu á hverjum tíma gæta þess, að verðlag sé sem stöðugast og jafnvægi ríki í atvinnulífinu, og beita til þess fjármálalegum og peningalegum aðgerðum.

44. gr.

Verðbreytingar einokunarfyrirtækja.

1) Söluverð á vörum og þjónustu fyrirtækja, sem búa við óhjákvæmilega og tæknilega einokun, skal háð samþykki Einokunarnefndar, hvort sem þessi fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Markaðsstofnun Íslands ákveður, hvaða fyrirtæki skulu háð þessu ákvæði.

2) Þúi fyrirtæki við enga eða óverulega samkeppni og engin von er til þess, að samkeppni aukist, getur Markaðsstofnun Íslands ákveðið, að verðákvörðun þessi skuli vera háð samþykki Einokunarnefndar, hvort sem slíkt fyrirtæki er í eigu opinberra aðila eða einkaaðila.

45. gr.

Verðbreytingar markaðsráðandi fyrirtækja og annarra fyrirtækja.

1) Markaðsráðandi fyrirtæki skulu tilkynna Markaðsstofnun Íslands með hálfmánaðar fyrirvara um allar verðbreytingar sínar. Telji Markaðsstofnun Íslands, að um misnotkun á markaðsaðstöðu sé að ræða við verðlagningu á vörum og þjónustu, má vísa málinu til Einokunarnefndar, sem getur fyrirskipað fyrirtækinu að hætta við fyrirhugaða verðbreytingu. Ef Einokunarnefnd er mótfallin verðbreytingu og vill ekki, að hún komi til framkvæmda, verður nefndin að mótmæla verðbreytingunni innan hálfmánaðar frá því að tilkynning um verðbreytingu barst Markaðsstofnun Íslands. Ef mótmæli berast eftir þann tíma, taka þau ekki til viðskipta, sem áður kunna að hafa verið gerð á hinu breytta verði, nema sú verðlagning sé í andstöðu við önnur ákvæði þessara laga.

2) Fyrirtæki, sem ekki eru markaðsráðandi, þurfa ekki að tilkynna Markaðsstofnun Íslands um verðbreytingar.

VII. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

46. gr.

Ábyrgð og skaðabætur.

Sérhver aðili, sem af ásettu ráði eða vanrækslu gengur í berhögg við ákvæði þessara laga eða ákvörðun, sem birt er skv. þessum lögum af Markaðsstofnun Íslands eða af Markaðsdómstólnum, skal, ef slíkt ákvæði eða ákvörðun er ætlað að vernda annan aðila, vera ábyrgur fyrir því að bæta þeim aðila fyrir sérhvern fjárhagslegan skaða, sem slíkt brot veldur. Tjónþoli má einnig krefjast bóta fyrir sérhvern skaða, sem ekki er peningalegs eðlis.

47. gr.

Um lögmenn samtaka.

1) Í félagslögum sérhvers viðskiptahring, verslunar- og iðnaðarsamtaka eða starfsgreinafélaga, sem ekki ráða yfir nægilegu lagalegu umboði, skal tilnefna fulltrúa, sem hefur vald til þess að mæta fyrir þeirra hönd hjá Markaðsstofnun Íslands í öllum málum, sem þessi lög ná til, jafnframt í málshöfðunum fyrir Markaðsdómstólnum og Hæstarétti. Nöfn og heimilisföng þeirra fulltrúa, sem tilnefndir eru, skulu tilkynnt til Markaðsstofnunar Íslands.

2) Ef enginn fulltrúi er fyrir hendi eins og kveðið er á um í 1) málsgrein, skal tilnefna fulltrúa eftir beiðni Markaðsstofnunar Íslands af undirrétti á viðkomandi stað. Markaðsstofnunin skal leggja fram beiðni að eigin frumkvæði eða að beiðni þriðja aðila, sem hefur lögmætan áhuga á því, að slíkur fulltrúi sé skipaður. Undirréttur á viðkomandi stað skal afturkalla tilnefninguna, þegar viðkomandi aðilar hafa sjálfir tilnefnt sinn fulltrúa.

48. gr.

Ábyrgð.

Aðilar að viðskiptahring, sem ekki ræður yfir nægilegu valdi lagalega, skulu vera skuldbundnir sameiginlega og hver fyrir einn fyrir skaða, sem umboðsmaður

viðskiptahringsins veldur þriðja aðila með sérhverjum verknaði eða aðgerð, sem framkvæmd er í starfi hans, ef slík aðgerð veður skyldur um greiðslu skaðabóta skv. þessum lögum.

II. HLUTI YFIRVÖLD

VIII. KAFLI

YFIRVÖLD, SEM ANNAST EFTIRLIT OG FRAMKVÆMD ÞESSARA LAGA

49. gr.

Yfirvöld.

Þau yfirvöld, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, skulu vera:

1. Viðskiptaráðherra,
2. Markaðsstofnun Íslands,
3. Markaðsdómstóll,
4. Einokunarnefnd.

50. gr.

Öflun upplýsinga.

1) Að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt yfirvöldum, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, mega þau:

1. Krefjast upplýsinga frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja um efnahagsleg tengsl þeirra.
2. Kanna og rannsaka viðskiptaskjöl hjá fyrirtækjunum sjálfum og samtökum fyrirtækja á venjulegum viðskiptatímum.
3. Krefjast upplýsinga frá viðskipta- og iðnaðarsamtökum og starfsgreinafélögum varðandi félagalög þeirra, ákvarðanir þeirra og fjölda og nöfn þeirra aðila, sem ákvarðanir þeirra ná til.

2) Eigendur fyrirtækja eða fulltrúar þeirra og aðilar, sem tilnefndir eru sem fulltrúar samtaka eða félaga fyrirtækja, skulu láta í té umbeðnar upplýsingar, láta í té viðskiptaskjöl, og leyfa rannsókn þessara skjala og jafnframt aðgang að skrifstofum og öðrum vinnustöðum.

3) Aðilar, sem yfirvöld, er annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, fela rannsókn, mega fá aðgang að skrifstofum fyrirtækja og samtaka fyrirtækja og framkvæma leit, í samræmi við 66. gr. stjórnarskrárinnar, að fengnum dómsúrskurði.

4) Leit má aðeins gera að fenginni heimild. Ef hætta er á töfum eða spillingu gagna, mega aðilar samkv. 3) málsgrein framkvæma nauðsynlega leit á venjulegum skrifstofutíma án fengings dómsúrskurðar. Skrá varðandi slíka leit skal gerð á staðnum og sýna aðalatriði árangurs leitarinnar og, í því tilviki þegar dómsúrskurður lá ekki fyrir, einnig þær staðreyndir, sem leiddu til þess að talin var hætta á töfum eða spillingu gagna. Varðandi leit og hald á munum gilda að öðru leyti ákvæði VI. og VII. kafla (43.—58. gr.) laga um meðferð opinberra mála (74/1974).

5) Aðili, sem beðinn er um að veita upplýsingar, má neita að svara upplýsingum, sem kunna að fyrirgera rétti hans samkv. 91. gr. laga um meðferð opinberra mála (74/1974) og 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði (85/1936).

6) Beiðnir yfirvalda, sem annast framkvæmd þessara laga, um upplýsingar skulu gerðar skriflega. Lagalegur grundvöllur, efnisinnihald og tilgangur beiðnarinna skal vera talinn upp í henni og henni sett sanngjörn tímatakörk.

51. gr.
Þagnarskylda.

1) Þeir aðilar, sem starfa hjá yfirvöldum, sem annast framkvæmd þessara laga, og þeir aðilar, sem þessi yfirvöld hafa falið störf, skulu bundnir þagnarheiti varðandi vitneskju, sem þeir öðlast við öflun upplýsinga, sem veittar eru skv. 50. gr. Eigi skulu slíkir aðilar heldur nota viðskipta- og framleiðsluleyndarmál, sem þeir hafa þannig öðlast, jafnvel þótt þeir séu ekki lengur í þessari þjónustu. Hið sama gildir um staðreyndir, sem eru háðar þagnarheiti. Útdráttur úr upplýsingum, sem gefnar eru af hópi manna, sem krafðir eru um upplýsingar, en upplýsa ekki beint eða óbeint yfirlýsingar frá einstökum aðilum, skulu ekki vera háðar þagnarheiti. Hið sama skal gilda um niðurstöður aðgerða skv. 1) málsgrein, 2. lið, 50. greinar.

2) Upplýsingar, sem snerta ekki ákvæði þessara laga, en koma í ljós við framkvæmd þeirra, skulu vera trúnaðarmál.

52. gr.
Viðurlög við broti á þagnarskyldu.

1) Sérhvern aðila, sem bregst skyldum sínum samkv. 50. og 51. gr, má dæma til fangelsisvistar allt að sex mánuðum og til sektar eða til annarrar hvorrar þessarar refsingar.

2) Ef hinn brotlegi gerir slíkan verknað vegna umbunar eða í þeim tilgangi að öðlast ólöglegan fjárhagslegan ávinning fyrir sjálfan sig eða fyrir þriðja aðila eða til þess að valda öðrum aðila skaða, skal refsingin varða fangelsisvist allt að tveimur árum. Auk þess má dæma hann til sektar, allt að 5 000 000 króna, og greiðslu skaðabóta. Hinn ólöglegi ávinningur skal gerður upptækur.

3) 1) og 2) málsgrein skulu gilda aðeins ef önnur ákvæði í þessum lögum eða öðrum lögum veita ekki heimild til stangari refsingar.

4) Í málum, sem varða 1) málsgrein, skal mál aðeins höfðað að kröfu tjonþola.

IX. KAFLI
MARKAÐSSTOFNUN ÍSLANDS

53 gr.
Stofnun og starfsemi.

1) Markaðsstofnun Íslands skal vera starfrækt í Reykjavík sem sjálfstæð stofnun og héra ábyrgð gagnvart viðskiptaráðherra. Markaðsstofnunin skal annast framkvæmd þeirra verkefna, sem lög þessi ákveða, auk þess sem hún framfylgir ákvörðunum Markaðsdóms.

2) Ákvarðanir markaðsstofnunar Íslands skulu teknar af ákvörðunardeildum, sem skulu stofnaðar skv. fyrirmælum gefnum af viðskiptaráðherra. Að öðru leyti skal viðskiptaráðherra ákvarða starfstilhögun hjá Markaðsstofnuninni með starfsreglum, sem birtar skulu í reglugerð.

3) Ákvarðanir Markaðsstofnunarinnar skulu teknar af forstöðumanni Markaðsstofnunarinnar, deildarstjóra viðkomandi ákvörðunardeildar og lögmanni Markaðsstofnunarinnar.

4) Forstöðumaður Markaðsstofnunar Íslands og forstöðumenn deilda eru opinberir starfsmenn. Þeir verða að hafa háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, lögfræði eða endurskoðunar.

5) Starfsmenn Markaðsstofnunar Íslands mega ekki starfrækja eða vera í stjórn neins fyrirtækis, viðskiptahrings eða viðskipta- og iðnaðarsamtaka eða starfsgreinafélaga.

54. gr.
Leiðbeiningar.

Þegar viðskiptaráðherra gefur almennar leiðbeiningar til Markaðsstofnunar Íslands með eða á móti útgáfu ákvörðunar samkv. þessum lögum, skulu slíkar leiðbeiningar vera birtar í Lögbirtingablaði.

55. gr.
Örvun samkeppni.

Markaðsstofnun Íslands skal leitast við að örva samkeppni í viðskiptum, m. a. með:

1. Útgáfu- og fræðslustarfsemi.
2. Könnun verðlags á ákveðnu vöruframboði hjá seljendum.
3. Verðsamanburði milli skyldra vörutegunda.

56. gr.
Marklausir samningar.

Markaðsstofnun Íslands má banna framkvæmd samnings eða ákvörðunar, sem er marklaus samkv. fyrri ákvæðum þessara laga.

57. gr.
Samkeppnishamlandi hegðun.

Markaðsstofnun Íslands má banna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja að starfa með samkeppnishamlandi hætti, sem er andstæður fyrri ákvæðum þessara laga.

58. gr.
Sektir og aðhald.

1) Til þess að framfylgja fyrirskipunum sínum má Markaðsstofnunin gera mönnum að greiða sektir með 10 daga fyrirvara, sem nema frá 1000 krónum á dag allt að 10 000 krónum á dag.

2) Til þess að framfylgja fyrirskipunum sínum samkv. 19.—25. gr. má Markaðsstofnunin, auk þess sem segir í 1) málsgrein:

1. Banna notkun kosningarréttar, sem fylgir eignarhlutum í einu af þáttökufyrirtækjunum og eru í eigu annars þáttökufyrirtækis eða talin eign þess, eða gera notkun þessa kosningarréttar eða hvernig honum er beitt háð skilyrðum um samþykki Markaðsstofnunarinnar.
2. Tilnefna hlutlausan fjárhaldsmann, sem skal afgreiða nauðsynleg lagaleg skjöl af hálfu þeirra fyrirtækja, sem bundin eru skilyrðum um upplausn samruna, og gera allt, sem nauðsynlegt er í því sambandi. Fjárhaldsmaður má krefjast sanngjarnrar þóknunar frá þeim fyrirtækjum, sem hlut eiga að máli.

59. gr.
Ársskýrsla.

1) Markaðsstofnun Íslands skal birta ársskýrslu um starfsemi sína og ástand og framgang mála á sínu starfsviði. Skýrslan skal innihalda almennar leiðbeiningar gefnar af viðskiptaráðherra, samkv. 54. gr. Samrunar, sem tilkynntir hafa verið, samkv. 21. og 23. gr. skulu fylgja með í skýrslunni, svo og tilkynningar samkvæmt 8. og 39. gr. Markaðsstofnun Íslands skal einnig reglulega birta grundvallarstjónvenjur sínar.

2) Ríkisstjórnin leggur ársskýrslu Markaðsstofnunar Íslands ásamt umsögn sinni fyrir Alþingi.

X. KAFLI
MARKAÐSDÓMSTÓLL

60. gr.

Stofnun og skipulag.

1) Til þess að rannsaka og dæma í málum vegna brota á þessum lögum skal stofnsettur sérstakur Markaðsdómstóll.

2) Markaðsdómstóllinn skulu skipa 3 menn. Formaður dómsins skal skipaður af dómsmálaráðherra með sérstakri umboðsskrá, sem veitir heimild til þess að heyja dómþing í öllum þingháum landsins. Formaður dómsins velur meðdómendur úr hópi hinna skipuðu sjó- og verslunardómsmanna í hverri þinghá.

61. gr.

Dómsrannsókn og málsmeðferð.

1) Við úrlausn mála ber Markaðsdómstólnum að meta sjálfstætt, hvort um brot sé að ræða og hvers eðlis það sé. Einnig skal dómurinn meta gildi ákvörðunar Markaðsstofnunar Íslands og skera úr ágreiningi um embættistakmörk Markaðsstofnunarinnar.

2) Dómurinn skal meta, hvort um formlegt brot á lögnum sé að ræða eða hvort brotið sé gegn anda laganna. Í fyrra tilviki má fella niður sektir og málskostnað eftir málsatvikum.

3) Sé um að ræða stefnumarkandi dóm í máli, má fella niður sektir og málskostnað að hluta eða öllu leyti.

4) Málsmeðferð fyrir Markaðsdómstól fer að hætti opinberra mála.

5) Formaður gefur út dómsgerðir í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Dómar skulu birtir, m. a. í ársskýrslu Markaðsstofnunar Íslands.

6) Meðdómendur í Markaðsdómi skulu taka sama kaup fyrir störf sín og meðdómendur í sjó- og verslunardómi.

62. gr.

Dómar um samruna og upplausn.

1) Ákvörðun Markaðsstofnunar Íslands um bann við samruna eða um upplausn samruna má kæra til Markaðsdómstóls til úrskurðar.

2) Markaðsdómstóll skal samþykkja samruna, ef þær hömlur á samkeppni, sem hann veldur, eru lægri á metunum en hagsmunir efnahagslífsins í heild eða almennings. Samkeppnishæfni þáttökufyrirtækja á erlendum mörkuðum skal einnig tekin til greina í þessu sambandi. Samþykki má því aðeins veita, að hömlur á samkeppni ógni ekki markaðshagkerfinu. Samþykkið má innihalda takmarkanir og skilyrði. Þó mega þessar takmarkanir og skilyrði ekki hafa þann tilgang að gera starfsemi þáttökufyrirtækja háða áframhaldandi opinberum afskiptum.

3) Kæru til Markaðsdómstóls um lögmæti samruna skal leggja fram innan eins mánaðar frá endanlegri ákvörðun Markaðsstofnunar Íslands. Ef umsókn er ekki gerð innan eins mánaðar, fyrnist þessi réttur. Markaðsstofnunin skal kunngjöra fyrirtækjum um þennan frest. Markaðsdómstóllinn skal úrskurða innan fjögurra mánaða frá móttöku kæru. Áður en Markaðsdómstóllinn kveður upp úrskurð, skal sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga, þar sem þáttökufyrirtæki eru staðsett, gefinu kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri.

4) Markaðsdómstóllinn má afturkalla samþykki eða breyta því með því að fyrirskipa takmarkanir eða fella inn skilyrði, ef þáttökufyrirtæki brjóta skilyrði, sem sett eru fyrir samþykktinni. Markaðsdómstóllinn má afturkalla samþykki, ef þáttökufyrirtækin hafa öðlast samþykkið með svikum, ógnunum, mútum eða með því að láta í té upplýsingar, sem voru rangar eða ófullkomnar að verulegu leyti.

63. gr.

Um eðli brota og refsingar.

1) Eftirtalin brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að 10 000 000 króna. Allur ólögmaður hagnaður er upptækur í ríkissjóð. Ef sakir eru miklar eða brot itrekuð, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum og/eða til sektar allt að 20 000 000 króna eða allt að þreföldum viðbótarhagnaði, sem fékkst vegna brotsins, ef slíkt er hærra. Í skaðabótamálum má dæma tjónþola allt að þrefaldar skaðabætur. Brot er framið af sérhverjum aðila, sem af ásettu ráði eða vanrækslu:

1. Hefur að engu markleysi samnings eða ákvörðunar.
2. Hefur að engu markleysi samnings eða ákvörðunar, sem Markaðsstofnun Íslands hefur lýst marklausa með endanlegri ákvörðun.
3. Öðlast öryggi samkv. samningi án heimildar.
4. Brýtur gegn bráðabirgðafyrirskipun Markaðsstofnunar Íslands.
5. Hlýðir ekki skilyrðum, sem Markaðsstofnun Íslands hefur sett.
6. Lætur í té eða notar rangar eða ófullkomnar upplýsingar til þess að öðlast á sviksamlegan hátt samþykki skv. þessum lögum eða skrásetningu á samkeppnisreglu fyrir sjálfan sig eða fyrir annan aðila eða til þess að fá Markaðsstofnun Íslands til þess að mótmæla ekki í vissum málum, gefa ekki út bannýfirlýsingu eða láta mál afskiptalaus.
7. Brýtur gegn sérhverju banni, sem sett hefur verið samkv. þessum lögum, tekur þátt í brotum á slíku banni eða hvetur til þess, að slíkt bann sé brotið.
8. Veldur viðskiptalegu óhagræði öðrum aðila vegna þess, að sá aðili hefur sótt um eða mælst til þess, að ákvörðun verði tekin af Markaðsstofnun Íslands eða Markaðsdómstólnum, eða hefur fært sér í nyt þau réttindi, sem honum eru veitt með þessum lögum.
9. Veitir liðsinni brotum, sem lýst er í lið 1—8.
10. Beinir tilmælum til aðila, sem með sameiginlegri hegðan veldur því, að bann, sem sett er í þessum lögum, er sniðgengið eða ákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli þessara laga af yfirvöldum, eru sniðgengnar.

2) Fyrir eftirtalin brot má refsa með sekt allt að 1 000 000 króna, en þegar um vanrækslu er að ræða allt að 500 000 krónum:

1. Aðili veitir ekki upplýsingar, veitir rangar eða ófullkomnar upplýsingar eða vanrækir að veita upplýsingar innan tiltekins tíma, eða lætur ekki í té viðskiptaskjöl, lætur þau ekki í té innan tiltekins tíma eða lætur í té einungis hluta þess, sem krafist er, eða neitar að leyfa sérhverja leit eða könnun.
2. Aðili tilkynnir ekki tilkynningarskyld atriði, lætur ekki strax í té umbeðnar tilkynningar eða lætur þá í té rangar eða ófullkomnar upplýsingar.

3) Ákvæði 1) og 2) málsgreina gilda svo framarlega sem heimild til þyngri refsingar er ekki gefin í þessum lögum eða öðrum lögum.

XI. KAFLI EINOKUNARNEFND

64. gr.

Einokunarnefnd.

1) Einokunarnefnd skal vera nefnd þriggja manna, sem þarf að samþykkja verðbreytingar einokunarfyrirtækja, sbr. 44. gr. og dæma um réttmæti umdeilda verðbreytinga markaðsráðandi fyrirtækja, sbr. 45. gr. 1) málsgrein.

2) Viðskiptaráðherra skipar í Einokunarnefnd til eins árs í senn: Einn eftir tilnefningu Hæstaréttar, annan eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Hver nefndarmaður tilnefnir sjálfur varamann, sem tekur sæti í forföllum hans.

3) Aðilar í Einokunarnefnd geta sagt af sér með því að tilkynna það viðskipta-ráðherra. Ef aðili hættir störfum, áður en tímabil hans er útrunnið, skal viðskipta-ráðherra skipa nýjan aðila án tilnefningar til þess tíma, sem eftir er af fullum starfs-tíma þess aðila, sem hættir.

4) Aðilar í Einokunarnefnd mega hvorki eiga aðild að ríkisstjórn né Alþingi eða vera í opinberri þjónustu, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum, nema sem háskólakennarar og starfsmenn hjá visindalegum stofnunum. Þeir mega auk þess ekki vera fulltrúar efnahagslegs félagsskapar eða fulltrúar samtaka vinnuveitenda eða launþega eða vera launaðir fastir starfsmenn þessara samtaka. Slíkir aðilar mega ekki heldur hafa haldið slíkri fastri stöðu árlangt, áður en þeir eru skipaðir í Einokunarnefndina.

5) Aðilar í Einokunarnefnd skulu hafa til að bera háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, lögfræði eða endurskoðunar eða ráða yfir sambærilegri þekkingu og í slíku námi felst.

65. gr.

Starfsreglur Einokunarnefndar.

1) Einokunarnefnd skal miða ákvarðanir sínar við að fyrirtæki hafi vel skipu-lagðan og hagkvæman rekstur og verðákvæðanir leiði til aukinnar hagkvæmni.

2) Einokunarnefnd skal hafa það til hliðsjónar við verðákvæðanir, að arðsemi fyrirtækis geti verið svipað hlutfall af markaðsvirði eigna fyrirtækisins og önnur fjárfesting í þjóðfélaginu skilar.

3) Einokunarnefnd og starfsfólk nefndarinnar skal bundið þagnarheiti við störf sín. Að þessu leyti gilda ákvæði 51. gr. eins og við á.

4) Einokunarnefnd má afla allra þeirra upplýsinga, sem hún þarfnast vegna starfa sinna. Ákvæði 50. gr. gilda eins og við á.

5) Að öðru leyti setur Einokunarnefnd sér eigin starfsreglur.

66. gr.

Skrifstofuhald Einokunarnefndar.

Einokunarnefnd skal hafa sameiginlegt skrifstofuhald með Markaðsstofnuninni. Starfslið nefndarinnar skal hafa það verkefni að safna upplýsingum, annast undir-búning funda Einokunarnefndarinnar og prenta og birta álit hennar, jafnframt sem það annast önnur stjórnunarstörf.

III. HLUTI

GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA

XII. KAFLI

GILDISSVIÐ

67. gr.

Tegund fyrirtækja.

1) Þessi lög skulu einnig gilda varðandi fyrirtæki, sem eru að öllu leyti eða hluta í opinberri eign eða er stjórnað eða eru starfrækt af opinberum yfirvöldum, nema annað sé tekið fram í síðari greinum.

2) Þessi lög skulu gilda um allar hömlur í samkeppni, sem hafa áhrif á þeim sviðum, sem þessi lög ná yfir, jafnvel þótt þær séu árangur aðgerða, sem gerðar hafa verið utan þessa svæðis.

68. gr.

Undanþágur.

1) Lög þessi taka ekki til verðlagningar pósthjónustu eða ákvörðunar verðs á áfengi og tóbaki.

2) Lyfjaverðlagsnefnd starfar áfram og ákveður smásöluverð lyfja og afgreiðslugjöld lyfjabúða, þó ekki í andstöðu við anda ákvæða þessara laga.

3) Að öðru leyti en greinir í 1) og 2) málsgrein ná ákvæði þessara laga til allrar atvinnustarfsemi, sem fæst við framleiðslu og sölu á vöru og þjónustu, með þeim undantekningum þó, sem gerðar eru um fiskveiðar og landbúnað og getið er í 43. gr.

69. gr.

Lög, sem falla úr gildi.

Við gildistöku þessara laga falla eftirtalin lög úr gildi:

1. Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða, nr. 17 1. febrúar 1936.
2. Lög um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu, nr. 77 14. nóvember 1917.
3. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., nr. 30 9. janúar 1935.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, nr. 11 27. júní 1921.
5. Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk, nr. 88 22. júlí 1949.
6. Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins o. fl., nr. 78 15. apríl 1935.
7. Lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56 28. janúar 1935.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó o. fl., nr. 70 12. júní 1938.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, nr. 37 12. júní 1939.
10. Lög um verðlagsmál, nr. 54 14. júní 1960.
11. Lög um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 106 31. desember 1972.
12. Lög um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 18. febrúar 1953.
13. Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973.
14. Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi, nr. 2 18. janúar 1917.

70. gr.

Breytingar á eldri lögum.

Við gildistöku þessara laga verða eftirfarandi breytingar á eftirtöldum lögum:

1. Lög um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, nr. 84 19. júní 1933: 15. gr. fellur niður (hámarksverð) og 5. og 6. gr. (útsölur).
2. Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála nr. 30 25. maí 1960: 8. gr. fellur niður (leyfi til útflutnings).
3. Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 16. apríl 1971: 2. liður 1. gr. fellur niður (einkasöluákvæði).
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, nr. 22 13. janúar 1938: 4. gr. fellur niður (verðákvörðun).
5. Lög um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, nr. 62 21. apríl 1962: 4. gr., 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 11 gr., 1. málsliður falla niður (einokun).
6. Útvarpslög, nr. 19 5. apríl 1971: 1. málsliður 2. gr. fellur niður (einokun).
7. Lög um fjarskipti, nr. 30 27. júní 1941: 2. gr. falli niður (einokun).
8. Lög um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 28. maí 1969: Í 1. málslið 58. gr. fellur niður orðið „útflutningsleyfi“.
9. Lög um launajöfnunarbætur o. fl., nr. 13 23. maí 1975: 10. gr. falli niður (verðstöðvun).

71. gr.

Breyting til samræmis við 41. gr.

Við gildistöku þessara laga verða eftirtaldar breytingar á lögum nr. 101 frá 8. desember 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu landbúnaðarafurða:

1. 8. liður 3. málsgreinar 2. gr. orðist svo: að ákveða verð landbúnaðarafurða í heildsölu og verð til bænda samkvæmt 6. og 7. gr., enda sé sú verðskráning samþykkt af Sexmannanefnd.
2. Orðin „garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu“ falli niður í 3. gr.
3. 1. málslíður 4. gr. orðist svo: Verð landbúnaðarafurða greitt bændum skal miðast við það, að meðallaun bænda verði í sem nánustu samræmi við meðallaun iðnaðarmanna, sjómanna og verkamanna.
4. Í 5. gr. falli niður orðin „og smásölu“.
5. 2. málsgrein 6. gr. orðist svo: Samhliða því, að Sexmannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 2. málsgrein þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara til þess að ákvarða heildsöluverð á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á heildsöluverði kindakjöts vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sexmannanefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og geymslukostnað kindakjöts.
6. Í 9. gr., 1. málsgrein og 3. málsgrein komi heildsöluverð í stað söluverðs.
7. 11. gr. hljóði svo: Enginn heildsöluaðili má selja búfjárafurðir á herra verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.
8. Í 21. gr., 2. málsgrein, 1. málslíð falla orðin „og smásölu“ niður.
9. Í 25. gr., 2. málsgrein, 1. málslíð falla orðin „og smásölu“ niður, en 4. málslíður orðist svo: Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur í smásölu til aðila, sem ekki reka smásöluverslun. Þriðja málsgrein 25. gr. orðist svo: Mjólkursamlögum ber að hlíta verðákvörðunum Sexmannanefndar og má aldrei gripa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum, þó að ósamkomulag kunní að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.
10. 32. gr. laganna orðist svo: Framleiðsluráð landbúnaðarins getur annast sölu- mál fyrir matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.
11. 34. gr. laganna orðist svo: Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.
12. 36. gr. laganna orðist svo: Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar sem hentugt þykir vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.
13. 37. gr. laganna orðist svo: Til þess að tryggja árvissa sölu garðávaxta, skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslu, sem ekki selst til manneldis hverju sinni.
14. Fyrsti málslíður 38. gr. laganna falli niður.

72. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 15. apríl 1978.

Greinargerð.

A. Almennar athugasemdir.

Viðskiptaþing V. Í. 1975.

Dagana 20. og 21. maí 1975 hélt Verslunarráð Íslands viðskiptaþing um efnið: „Hlutverk verslunar og verðmyndunar í frjálsu markaðshagkerfi“. Á þinginu voru flutt fjölmörg erindi um núverandi fyrirkomulag verðmyndunar á vöru og þjónustu atvinnuveganna og hverjar úrbætur væru nauðsynlegar. Niðurstaða viðskiptaþingsins var sú, að nauðsynlegt væri, að markaðsverðmyndun stjórnaði verði á vöru og þjónustu atvinnuveganna. Jafnframt þyrfti að semja löggjöf, sem hefði þann tilgang að efla samkeppni, banna samkeppnishamlandi viðskiptahætti og veita markaðsráðandi fyrirtækjum aðhald í verðlagningu, samkeppnisháttum og varðandi samruna.

Þar sem stjórnvöld sinntu þessa brýna verkefni þá lítið, ef frá er talið ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, vaknaði sú spurning, hvort Verslunarráðið gæti ekki látið semja frumvarp til laga um þetta efni. Var ákveðið að leggja þá hugmynd fyrir stjórn Verslunarráðsins.

Nefndarskipun.

Á fundi stjórnar Verslunarráðs Íslands mánudaginn 13. október 1975 var ákveðið að skipa fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja. Formaður nefndarinnar var kosinn Þorvarður Eliasson viðskiptafræðingur, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands. Aðrir nefndarmenn voru Sveinn Snorrason hrl., sem verið hefur fulltrúi Verslunarráðsins í verðlagsnefnd, Halldór Jónsson verkfræðingur, Jóhann J. Ólafsson lögfræðingur, samkvæmt ósk Félags isl. stórkaupmanna, og Kristmann Magnússon, samkvæmt ósk Kaupmannasamtaka Íslands. Auk þess störfuðu tveir starfsmenn Verslunarráðsins, þeir Sigvaldi Þorsteinsson lögfræðingur og Árni Árnason rekstrarhagfræðingur fyrir nefndina.

Efni frumvarpsins og gerð.

Verðlagslöggjöf annarra þjóða, sem er löggjöf þeirra um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja, hefur þann tilgang að tryggja, eins og framast er kostur, að allar markaðsaðstæður hvetji fyrirtæki og einstaklinga til efnahagslegra framfara. Jafnframt er stjórnvöldum gert kleift og skylt að fyrirbyggja, að einstakir aðilar geti hagnýtt sér eða skapað sér aðstöðu til þess að ná óréttmætum hagnaði. Til þess að ná þessum markmiðum er beitt tveim mismunandi aðferðum:

1. Samkeppnislöggjöf.

Henni er ætlað að efla og styrkja frjálsa samkeppni, og hindra aðgerðir einstakra fyrirtækja, sem kunna að skaða samkeppnina.

2. Verðmyndunarlöggjöf.

Henni er ætlað að gera yfirvöldum mögulegt að hindra óeðlilega hátt eða lágt verð og jafnvel að hamla gegn verðbólgu.

Hvað viðvíkur fyrra atriðinu eru farnar tvær mismunandi leiðir. Norræna aðferðin gerir öllum fyrirtækjum skylt að tilkynna viðkomandi yfirvöldum um sérhverja samninga eða aðgerðir, sem augljóslega leiða til heftrar samkeppni, en bannar þær ekki. Síðan er það lagt í hendur yfirvalda að ákveða í hverju tilviki, hvort banna skuli einstaka samninga. Ameríska aðferðin er hin leiðin. Hún bannar allar samkeppnishömlur, nema þær, sem löggin kveða á um að séu leyfilegar. Þau lönd, sem fylgja amerísku aðferðinni, eru auk Bandaríkjanna helst Kanada og Þýskaland.

Hvað viðvikur verðlagslöggjöfinni skiptir mestu máli, á hvers herðar löggjafinn leggur þá ábyrgð að taka verðákvörðanir og í hverja aðstöðu sá aðili er settur. Þannig ríkir sá skilningur í Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi, Svíþjóð og mörgum fleiri Evrópulöndum, að sami aðili og nýtur hagnaðarins eða þolir tapið af rekstri fyrirtækisins verði að bera ábyrgð á verðákvörðunum. Löggjöf þessara landa gefur stjórnvöldum enga möguleika á afskiptum þar af. Hins vegar geta yfirvöld fengið neitunarvald, þ. e. ýmist bannað allar verðhækkanir eða bannað einstökum fyrirtækjum að breyta verði.

Í þeim löndum, sem beita ekki bannreglunni í samkeppnislöggjöfinni, eru gjarnan rýmri möguleikar á opinberri íhlutun í verðákvörðanir fyrirtækja, bæði með því að heimila yfirvöldum beina verðákvörðun, hámarksverð, eða löggildingu verðútreikningsaðferða, svo sem álagningarákvæða. Undantekning á þessu er Svíþjóð, sem beitir ekki bannreglu, en gefur yfirvöldum þó ekki heimild til verðihlutunar. Þar á móti kemur upplýsingaskyldan, þ. e. afar viðtæk skylda til þess að gefa opinberum aðilum og jafnvel fjölmiðlum hvers kyns upplýsingar, er máli skipta.

Aftur á móti hafa verið í gildi lög um tímabundna verðstöðvun, þ. e. bæði á innlendum og innfluttum vörum, í ýmsum löndum, sem aðhyllast bannreglu og norrænu regluna. Erfitt er að segja nokkuð um árangur verðmyndunarlöggjafar við að hamla gegn verðbólgu, þar sem það á annað borð er yfirlýstur tilgangur. Þó virðist vera samhengi þar á milli á þann veg, að verðbólga er minnst í þeim löndum, sem hafa minnsta opinbera íhlutun í verðlagsákvörðanir fyrirtækja, sé lítið til næstu landa, sem búa við svipað stjórnskipulag.


Við gerð meðfylgjandi tillagna var farin sú leið að fylgja bannreglunni í köflunum um samkeppnishömlur og einkum stuðst við þýsku lögin, sem eru mjög nýleg, eða frá 1973. Enn fremur er þeirri reglu fylgt, að verðlagsyfirvöldum er ekki gefið vald til að ákvarða verð fyrirtækja, heldur er Einokunarnefnd gefið takmarkað vald til að banna fyrirtækjum að breyta verði sínu, og viðskiptaráðherra fær vald til þess að grípa til verðstöðvunar, þ. e. algjörar verðstöðvunar. Megináhersla er lögð á að skapa þær markaðsaðstæður, sem líklegastar eru til að fósra eðlilegt og æskilegt viðskiptalíf með þjóðarhagsmunum í huga.

Það verður að taka skýrt fram, að í þessum tillögum er ekki tekið tillit til sérhagsmuna nokkurra hópa, stétta eða landssvæða, þar af leiðandi ekki heldur til sérþarfa ýmissa minnimáttarhópa, sem e. t. v. eru tekjulágir. Það er eindregin skoðun nefndarinnar, að slíkum sjónarmiðum sé ekki hægt að blanda inn í löggjöf sem þessa, ef hún á að ná tilgangi sínum, heldur verði að koma til móts við slíkar þarfir eftir öðrum leiðum opinberrar samhjárpar.

Við samningu þessara tillagna hefur ekki verið tekið tillit til þess, hvað ætla mætti, að væri pólitískt framkvæmanlegt, heldur eingöngu sett fram þau sjónarmið, sem talin voru réttust, þó með einni undantekningu. Ekki var talið fært að breyta meðferð verðlagsmála landbúnaðarafurða og sjávarafla á annan hátt en þann að færa smásöluverð landbúnaðarafurða frá Sexmannanefnd undir lög þessi og viðskiptaráðherra. Það táknar þó ekki að nefndarmenn telji núverandi fyrirkomulag um ákvörðun heildsöluverðs landbúnaðarafurða og sjávarafurða æskilegt.

Hér verður ekki gerð frekari grein fyrir efni frumvarpsins, heldur látið nægja að vísa í efnisyfirlitið, sem gefur góða mynd af uppsetningu þess og svo til frumvarpsins sjálfs og athugasemda við einstakar greinar.

SKIPURIT VERÐLAGSMÁLA



Undanskilið er ákvörðun afurðaverðs til bænda og verðlagning landbúnaðarvara á heildsölustigi og sjávarafurða frá skipshlið.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

I. HLUTI

SAMKEPPNISHÖMLUR

I. KAFLI

Samningar og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Við 1. gr.

Hér er fylgt þeirri reglu að banna alfarið allar hömlur á samkeppni, nema annað sé tekið fram í síðari greinum. Ástæðan er sú, að bannreglan hefur reynst betur en mat viðkomandi yfirvalda á aðstæðum til þess að örva samkeppni og þar með stuðla að stöðugra verði og verðlagi. Bannreglan hefur einnig þann kost, að fyrirtæki vita, hvað er leyft og hvað er bannað, og geta hegðað sér samkvæmt því. Þar sem matsreglu er beitt, geta fyrirtæki verið í óvissu um lögmæti aðgerða sinna og jafnvel gerst brotleg við lög vegna óvissunnar. Af ofangreindum ástæðum er bannreglunni yfirleitt beitt í þeim löndum, sem mesta reynslu hafa af framkvæmd samkeppnislöggjafar, svo sem Bandaríkjum, Þýskalandi og Sviss.

Í 2. málsgrein er nánar skilgreint, hvað teljast samtök fyrirtækja, og er skilgreiningin látin ná til félagssamtaka fyrirtækja. Ástæðan er sú, að slík samtök má auðveldlega nota til þess að gera samkeppnishamlandi samþykktir. Slíkar samþykktir geta orðið bindandi fyrir alla félagsmenn, ef ákvæði er um það í félagslögum. Það er því full ástæða til þess, að öll félagssamtök fyrirtækja séu háð ákvæðum þessara laga.

Við 2. gr.

Hér eru tilteknir þeir samningar og ákvarðanir fyrirtækja, sem ættu ekki að vera skaðlegir samkeppni á innanlandsmarkaði. Þó þykir rétt, að slíkir samningar séu tilkynntir, þar sem tengja má þessum samþykktum aðrar skaðlegar samkeppnishömlur. Til útskýringar þykir rétt að ræða stuttlega hvern einstakan lið greinarinnar.

1. Afhendingar- og greiðsluskilmálar svo og staðgreiðsluafslættir geta vissulega verið samkeppnisatriði. Þó ætti samræming þessara atriða ekki að koma að sök, ef verð og önnur viðskiptakjör eru óheft. Jafnvel geta staðlaðir greiðsluskilmálar auðveldað verðsamanburð og þannig örvað samkeppni.
2. Afsláttur er algengt tæki til þess að mismuna viðskiptavinum. Magnafsláttur getur t. d. verið óeðlilegur til stórra viðskiptavina og eflt markaðsaðstöðu þeirra. Hér er því það skilyrði sett um allan afslátt, að hann sé veittur í samræmi við þann sparnað, sem fyrirtækið hlýtur, t. d. vegna sölu á auknu magni.
3. Ekki þykir ástæða til að banna samtök í útflutningi, sérstaklega ef það getur bætt markaðsaðstöðu okkar erlendis. Þetta ákvæði hefur þó minna gildi, þar sem við getum vart vænst þess að vera markaðsráðandi á neinu sviði á er-

- lendum mörkuðum, en auk þess eru ákvæði í samkeppnislöggjöf annara landa, sem heimila innflytjendum samtök og samráð, ef erlendi seljandinn býr við einokunar- eða markaðsráðandi aðstöðu í heimalandinu.
4. Sjálfsgagt þykir að undanskilja alla notkun á stöðlum í samkeppnislöggjöfinni, enda ætti notkun þeirra að auðvelda samanburð á þeim samkeppnisatriðum, sem mestu máli skipta.
 5. Hér er smáum og meðalstórum fyrirtækjum veitt heimild til sameiginlegrar hagræðingar, ef stærð þeirra að tiltölu við markaðinn í heild er lítil og áhrif samvinnunar á samkeppni því engin.

Við 3. gr.

Í þessari grein eru talin upp örfá undantekningaratriði varðandi samkeppnishömlur, sem rétt þykir að veita Markaðsstofnun heimild til að veita, ef sérstaklega stendur á. Þessi atriði eru þó það sjaldgæf, að vart ætti að koma til kasta Markaðsstofnunar á þessu sviði. Helst eru það þó fyrsta og annað atriðið, sem gætu komið til greina. Markaðsstofnun eru þó sett slík skilyrði í þessu sambandi, að samkeppnishömlurnar og skaðinn af þeim sé ávallt minni en hagnaður þjóðfélagsins af aukinni framleiðslu eða lækkuðu verði.

Við 4. gr.

Hér er tiltekið, hvernig tilkynna ber löglegar samkeppnishömlur. Einnig er tiltekið, hvernig Markaðsstofnun skal fara með slíkar tilkynningar og hvenær þær taka gildi.

Við 5. gr.

Hér er líkt og í 4. gr. sagt, hvernig öðlast má leyfi til samkeppnishamla, og tiltekið, hvernig Markaðsstofnun skal bregðast við slíkum tilmælum.

Við 6. gr.

Með þessari grein er ætlað, að lok samninga verði færð í Skrá um samkeppnishömlur engu síður en upphaf þeirra, þannig að skráin verði sem næst tæmandi um þær samkeppnishömlur, sem eru í gildi.

Við 7. gr.

Í greininni eru tiltekin þau atriði, sem skal færa í Skrá um samkeppnishömlur. Skýrt er tiltekið, að skráin skuli vera opinber, enda er það mikilvægur þáttur í því, að öllum aðilum geti verið ljósar þær samkeppnishömlur, sem eru í gildi. Þannig mætti örva það, að skaðlegum samkeppnishömlum verði mótmælt og þær numdar úr gildi.

Við 8. gr.

Til þess að tryggja það, að aðilum viðskiptalífsins verði ljósar væntanlegar og gildandi samkeppnishömlur, er tiltekið, að helstu atriði, sem verða í skrá um samkeppnishömlur, birtist í Lögbirtingablaðinu.

Við 9. gr.

Greinin tiltekur möguleg viðbrögð Markaðsstofnunar við misnotkun markaðsaðstöðu. Í 1. málsgrein er lýst þeim aðstæðum, sem réttlæta inngrip Markaðsstofnunar, en í 2. málsgrein eru tilteknar þær aðgerðir, sem markaðsstofnun getur gripið til. Það er fyrst talið, að stofnunin getur fyrirskipað þáttökufyrirtækjum að hætta misnotkun markaðsaðstöðu. Hún getur einnig fyrirskipað þáttökufyrirtækjum að breyta samningum og ákvörðunum og loks lýst samninga og ákvarðanir marklausar. Ef þessum fyrirskipunum Markaðsstofnunar er ekki hlýtt, getur hún gripið til aðgerða í samræmi við 56. og 58. gr., þar sem stofnuninni er veitt heimild til að banna framkvæmd samninga og beita dagsektum. Nægi slíkt ekki, getur Markaðsstofnun kært málið til Markaðsdóms.

Við 10. gr.

Hér er því lýst yfir, að samningar um samkeppnishömlur, sem hvorki hafa verið tilkynntar né leyfðar, geti ekki hlotið vernd fyrir dómstólum. Þetta er gert til þess að auðvelda samningsaðila, sem er aðili að samkeppnishamlandi samningi, að þurfa ekki að hlíta ákvæðum hans, ef hann óskar.

Við 11. gr.

Með 1. málsgrein er sérhverjum samningsaðila gert auðvelt að slíta samningi eða ákvörðun, sem fengið hefur lagagildi við það að vera tilkynnt til eða leyfð af Markaðsstofnun. Til þess þarf einungis skriflega tilkynningu, sem tekur strax gildi. Þetta ákvæði er sett til þess, að samkeppnishömlur séu ekki í gildi nema allir aðilar óski. Í 2. málsgrein er einnig lagt bann við því, að samningur innihaldi takmarkanir eða bann á rétti til að slíta honum. Slíkir samningar ættu ekki að hljóta samþykki Markaðsstofnunar.

II. KAFLI UM VIÐSKIPTAHÖMLUR

Við 12. gr.

Með þessari grein er lagt bann við ákvörðun fyrirtækja á endursöluverði eða viðskiptaskilmálum á næsta sölustigi. Ef slíkt væri heimilt, mundu fyrirtæki vafalaust nýta í einhverjum mæli þann rétt og draga þannig úr samkeppni á næsta sölustigi. Þar sem tilgangur laganna er að örva samkeppni, þykir rétt að banna slíkar ákvarðanir.

Við 13. gr.

Í útgáfu blaða, bóka og tímarita hefur sú venja skapast, bæði hér og erlendis, að ákveða endanlegt útsöluverð þessara rita. Undanþága er því yfirleitt veitt til handa þessum aðilum, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Þessi skilyrði eru tiltekin í 14. gr.

Við 14. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til úthlutunar um ákvörðun endursöluverðs varðandi blöð, bækur og tímarit, ef ákvörðun endursöluverðs er misnotuð, tengd öðrum takmörkunum á samkeppni eða er líkleg til að hindra verð þessara vara frá því að lækka eða hindra framleiðslu eða sölu á þessum vörum. Áður en Markaðsstofnun bannar ákvörðun endursöluverðs, er henni þó gert skylt í 2. málsgrein að reyna að fá viðkomandi fyrirtæki til þess að hætta þeirri misnotkun, sem á sér stað.

Við 15. gr.

Hér eru allir samningar fyrirtækja um takmörkun viðskiptafrelsis lýstir marklausir, sem jafnframt gefur Markaðsstofnun heimild til að banna framkvæmd slíkra samninga, sbr. 56. gr. Hér er um mjög viðtækt atriði að ræða. Sem dæmi má nefna til útskýringar, að fyrirtæki kunna að bindast samtökum um að kaupa ekki af tilteknu fyrirtæki eða fyrirtækjum eða selja ekki til tiltekins fyrirtækis eða fyrirtækja. Slíkir samningar geta skaðað stórlega samkeppni og jafnvel knésett fyrirtæki. Einnig kunna fyrirtæki að vilja takmarka hvar og hverjum má endurselja vöru og þjónustu eða hvar og hvernig má nota hana. Einnig þekkist það, að fyrirtæki, sem búa við ýmiss konar sérstöðu, reyna að selja óskyldar vörur með eftirspurðum söluvörum. Hér getur verið um margvísleg tilvik að ræða, en hvert einstakt verður að dæma út frá eðli samninganna og almennri viðskiptavenju.

Við 16. gr.

Þótt Markaðsstofnun sjái ástæðu til að lýsa samninga marklausa, vegna þess að þeir eru samkeppnishamlandi, getur verið full ástæða til að önnur atriði samninga haldi gildi sínu engu að síður. 16. gr. er ætlað að taka til, hvernig farið skuli með slík óskyld samningsatriði.

Við 17. gr.

Til þess að örva framtak, hugvitsemi og uppfinningar hafa verið leidd í lög ákvæði um höfundarrétt og einkaleyfi. Slík lög eiga fullan rétt á sér innan vissra marka, þótt þau skerði vissulega í nokkrum mæli samkeppni. Þessari grein er ekki ætlað að breyta þeirri vernd, sem í slíkum lögum felst. Þessari grein er hins vegar ætlað að sporna við samkeppnishömlum, sem fara út fyrir gildissvið hins verndaða réttar.

Við 18. gr.

Framleiðsluaðferðir, tæknileg hönnun og aðrir tæknilegir ávinningar eru um margt hliðstæðir því, sem á við um lögverndaða hagsmuni og getið er um í 17. gr. Því þykir rétt, að sömu reglur gildi um óverndaða hagsmuni og um hina lögvernduðu.

III. KAFLI

STARFSEMI MARKAÐSRÁÐANDI FYRIRTÆKJA

Við 19. gr.

Greinin skilgreinir hvað telst markaðsráðandi fyrirtæki. Vísast til greinarinnar um þá skilgreiningu.

Við 20. gr.

Vegna samvinnu á markaði og samruna fyrirtækja þarf að skilgreina, hvað teljast dótturfyrirtæki og tengd fyrirtæki. Það er gert í 20. gr.

Við 21. gr.

Til þess að styrkja og örva samkeppni er Markaðsstofnun gefið vald til þess að sporna gegn samruna fyrirtækja, ef slíkt getur leitt til markaðsráðandi aðstöðu. Samruna þarf því að tilkynna til Markaðsstofnunar Íslands, ef fyrirtæki við eða eftir samruna hafa náð 40% markaðshlutdeild. Í greininni er síðan skilgreint, hvað telst samruni samkvæmt skilningi laganna. Vísast til hennar varðandi þá skilgreiningu.

Við 22. gr.

Þar sem markaðshlutdeild og markaðsaðstaða er mikilvægur mælikvarði um inngrip í samruna fyrirtækja, þurfa þessi atriði nána skilgreiningu. Nauðsynlegar skilgreiningar eru í þessari grein.

Við 23. gr.

Hér er tiltekið, hvernig fara skuli með tilkynningar um fyrirhugaðan samruna. Ákveðið er, hvað skuli vera í slíkum tilkynningum og hverjir skuli tilkynna. Samruni, sem ekki er tilkynntur, er uppleysanlegur, sbr. 25. gr., og jafnframt ólöglegur.

Við 24. gr.

Hér er tiltekið, hvernig Markaðsstofnun og í hvaða tilvikum má banna samruna. Í þessum efnum eru Markaðsstofnun settar ákveðnar starfsreglur, sem fyrirtækjum mega vera kunnar fyrir fram.

Við 25. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til að leysa upp samruna fyrirtækja, en þó undanskilinn samruni, sem átti sér stað fyrir gildistöku þessara laga. Markaðsstofnun er þó veitt heimild til að leysa upp samruna, sem orðið hefur fyrir gildistöku þessara laga, ef fyrirtæki misnota ítrekað þá markaðsaðstöðu, sem þau hafa öðlast. Í 2. málsgrein er mikilsvert ákvæði, sem meinar fyrirtækjum að nota fjölþætta starfsemi til þess að bæta markaðsaðstöðu sína og knésetja keppinauta. Markaðsstofnun er veitt heimild til að gripa inn í starfsemi slíkra fyrirtækja og láta þau rökstyðja verðlagningu sína, hækka verð á vöru og þjónustu, sem stendur ekki undir fullum kostnaði, og getur einnig, ef um ítrekað brot er að ræða, fyrirskipað upplausn fyrirtækisins, þannig að rekstrarþættir þess verði aðskildir. Fyrirtæki, sem reka fjölþætta starfsemi, geta hæglega með verðákvörðunum, annaðhvort of háu eða of lágu verði, spillt samkeppni og knésett keppinaut. Þessari grein er ætlað að uppræta slíka starfsemi.

Við 26. gr.

Þessari grein er ætlað að undanskilja minniháttar samruna afskiptum Markaðsstofnunar, þegar engin þörf er á slíkum afskiptum, þar sem samkeppni er fyrir hendi og möguleikar á þátttöku nýrra fyrirtækja eru til staðar.

IV. KAFLI ÓLÖGLEG MARKAÐSHEGÐUN

Við 27. gr.

Í 1. málsgrein er með almennum orðum sérstaklega bönnuð öll samstillt starfsemi fyrirtækja, sem telja má samkeppnishamlandi. Í 2. málsgrein eru allar tilraunir í þá átt bannaðar. Í 3. málsgrein eru svo tiltekna sérstaklega þrjár þvinganir, sem eru bannaðar. Í fyrsta lagi er sagt, að fyrirtæki skuli ekki þvinga önnur til þess að taka þátt í samningi eða ákvörðun, sem bönnuð er með þessum lögum, í öðru lagi til þess að sameinast öðrum fyrirtækjum og í þriðja lagi til þess að starfa á samræmdan hátt á markaði í þeim tilgangi að hamla gegn samkeppni. Með þessari grein eru allar þvinganir til samkeppnishamlandi aðgerða bannaðar almennt.

Við 28. gr.

Í 1. málsgrein eru allar hvatningar fyrirtækja til þess að neita að selja eða kaupa af öðrum fyrirtækjum í þeim tilgangi að skaða vissa samkeppnisaðila bönnuð. Einnig er önnur mismunun í sama tilgangi bönnuð. Slíkir samningar eru einnig lýstir marklausir í 15. gr. og þar með bannaðir í samræmi við 56. gr., ef Markaðsstofnun beitir þeirri heimild.

Í 2. málsgrein er synjun um viðskipti á óréttlæt看anlegan hátt bönnuð. Synjunin telst óréttlæt看anleg, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og söluaðili, án réttmætra raka, mismunar kaupanda beint eða óbeint. Þetta ákvæði er mikilvægt, þar sem kaupendur á vissum vörum eða þjónustu kunna að treysta á þessi fyrirtæki um framboð og eiga ekki kost á öðrum hagkvæmum eða fullnægjandi viðskiptum. Til þess að mismununin sé óréttlæt看anleg, þarf kaupandi einnig að vera reiðubúinn og hafa getu til að mæta öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn. Við þessar aðstæður getur Markaðsstofnun Íslands fyrirskipað sölu. Þetta ákvæði er mikilvægt í allri samkeppnislöggjöf, þar sem söluneitun er oft notuð til þess að skaða samkeppni eða knésetja keppinaut.

Við 29. gr.

Í 1. málsgrein er sett fram sú almenna regla, að fyrirtæki skuli ekki mismuna viðskiptavinum sínum í verði til hugsanlegs skaða fyrir samkeppni. Viss verðmismunun getur þó verið réttlæt看anleg, og telur greinin upp sjö skýringaratriði í því

sambandi. Sú upptalning er ekki tæmandi, en ætti að vera leiðbeinandi, í 2. málsgrein er Markaðsstofnun veitt heimild til að krefja fyrirtæki um rökstuðning fyrir verðmismunun en slíkan rökstuðning ber fyrirtækjum ávallt að hafa handbæran. Ef Markaðsstofnun telur slíkan rökstuðning ónógan, má hún heimila að kaupin gangi til baka eða kaupandi greiði sama verð og aðrir hafa gert við sömu aðstæður.

Við 30. gr.

Í þessari grein er auglýsingaþjónusta sérstaklega tekin fyrir, þar sem greiðslur fyrir þá þjónustu til dreifingaraðila eru oft notaðar til þess að mismuna viðskiptaáðilum. Greiði framleiðandi eða seljandi fyrir slíka þjónustu til næsta dreifingaraðila, þarf að bjóða öllum dreifingaraðilum þessa þjónustu á sambærilegum skilmálum, ef dreifingaraðilar eiga í innbyrðis samkeppni. Ekki er nægilegt, að öllum viðskiptavinum, sem eiga í innbyrðis samkeppni, sé heimiluð þátttaka, heldur þurfa öllum viðskiptavinum að vera kynntir möguleikar á þátttöku, jafnvel þótt vitað sé, að vissir viðskiptavinir muni ekki nota rétt sinn til þátttöku. Þessi skilyrði eru sett til þess að fyrirbyggja möguleika á mismunun. Einnig eru í greininni taldar upp nokkrar tegundir slíkrar þjónustu, sem kæmi til greina að greiða fyrir. Þessi upptalning ætti að gera gildissvið þessa ákvæðis skýrara.

Við 31. gr.

Í 1. málsgrein er eitt mikilvægasta ákvæðið í allri samkeppnislöggjöf, sem er bann við sölu á vöru og þjónustu undir kostnaðarverði í þeim tilgangi að skaða samkeppni eða knésetja keppinaut. Hér skiptir tilgangurinn öllu máli, þar sem sala undir kostnaðarverði getur vissulega verið réttlæt看leg í öðrum tilgangi. Dæmi um það eru talin upp í 2. málsgrein. Sú upptalning er ekki tæmandi, en ætti að vera leiðbeinandi um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við 32. gr.

Í greininni er innlendum seljendum bannað að nota umboðssöluþyrirkomulag, t. d. einkaumboð, til þess að útiloka aðra viðskiptavinum frá kaupum. Útilokun annarra frá viðskiptum getur þó verið réttlæt看leg, t. d. þegar veita þarf ákveðna þjónustu samhliða sölu. Í slíkum tilvikum væri fyllilega réttlæt看legt að útiloka þá aðila, sem ekki geta veitt slíka þjónustu á fullnægjandi hátt, frá sölu vörunnar.

Við 33. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til að fyrirskipa aðild fyrirtækja að samtökum um gæðamerki og gæðastimpla, ef útilokun fyrirtækis frá slíkum samtökum jafngildir sannanlegri, óréttlæt看legri mismunun og setur slíkt fyrirtæki í verri samkeppnisaðstöðu. Hin tiltekna vara eða þjónusta þarf þó ávallt að fullnægja þeim gæðakröfum, sem upp eru settar, ef kröfurnar eru í alla staði eðlilegar.

Við 34. gr.

Þótt ákvörðun endursöluverðs á næsta sölustigi sé bönnuð í 12. gr., gegnir öðru máli um leiðbeinandi tilmæli um verð á næsta sölustigi, ef tryggt er, að leiðbeiningarnar eru á engan hátt ígildi ákvörðunar um endursöluverð. Hér eru því tiltekin ákveðin skilyrði, sem uppfylla þarf, svo að útgáfa leiðbeinandi endursöluverðs sé heimil. Taka þarf skýrt fram, að tilmælin séu ekki bindandi og engan þrýsting neins konar má nota til þess að framfylgja leiðbeiningunum. Einnig þarf hið leiðbeinandi verð að samsvara því, sem líklegt er að sett verði á vöruna af meiri hluta þeirra fyrirtækja, sem ætlað er að selja hana.

Í 3. málsgrein eru gefnar nánari skýringar, til hvaða vara eða þjónustu þessi heimild nær. Samtökum smárra og meðalstórra fyrirtækja er einnig heimilað í 2. málsgrein að samræma tilmæli sín um endursöluverð með nokkru frjálslegri hætti,

ef það bætir samkeppnisskilyrði þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum, án skaða fyrir samkeppni. Þau þurfa þó að fylgja þeim meginreglum, sem sett eru í 1. málsgrein. Í 4.—7. málsgrein er Markaðsstofnun veitt heimild til að banna leiðbeinandi endursöluverð undir ákveðnum kringumstæðum, sem skilgreindar eru í 4. málsgrein. Aðgerðir Markaðsstofnunar í þessu sambandi eru afmarkaðar í 5.—7. gr.

V. KAFLI SAMKEPPNISREGLUR

Við 35. gr.

Hér er samtökum atvinnugreina heimilað að koma á reglum um heiðarlega samkeppnishætti, eftir að slíkar reglur hafa verið samþykktar af Markaðsstofnun og færðar í Skrá um samkeppnisreglur. Hér er sérstaklega átt við siðareglur, einkum hvað snertir markaðshegðun, t. d. auglýsingar.

Við 36. gr.

Hér er tiltekið, að samkeppnisreglur teljist ekki samkeppnishamlandi samningar eða ákvarðanir í skilningi 1. gr. laganna.

Við 37. gr.

Hér er Markaðsstofnun falið að fylgjast með slíkum samkeppnisreglum á síðari stigum til þess að tryggja, að reglurnar innihaldi engar samkeppnishömlur og öllum aðilum, sem málið varðar, sé veittur möguleiki á að koma mótmælum á framfæri.

Við 38. gr.

Hér er nánar tiltekið, hvernig Markaðsstofnun skal fara með umsóknir um skráningu reglna um samkeppni.

Við 39. gr.

Í 1. málsgrein eru tilteknar þær upplýsingar, sem birta skal í Lögbirtingablaði varðandi umsókn um færslu samkeppnisreglna í Skrá um samkeppnisreglur. Þessi háttur er á hafður, svo að þeir aðilar, sem málið varðar, geti komið fram með athugasemdir, áður en samkeppnisreglur eru skrásettar.

Við 40. gr.

Hér er viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja frekari ákvæði um stofnun og starfrækslu Skrár um samkeppnisreglur.

VI. KAFLI VERÐMYNDUN

Við 41. gr.

Hér er öll samstaða í verðákvörðunum bönnuð, þó með tveim mikilvægum undantekningum. Í fyrsta lagi getur Framleiðsluráð landbúnaðarins starfað áfram þrátt fyrir þessi lög og ákveðið verð landbúnaðarafurða til bænda, miðað við afhendingu til vinnslustöðvar, að frádregnum flutningskostnaði, en einnig getur Framleiðsluráðið ákveðið heildsöluverð landbúnaðarafurða frá vinnslustöð og þar með gjöld fyrir vinnslukostnað. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir, að Framleiðsluráð ákveði smásöluverð landbúnaðarafurða. Nauðsynlegar breytingar í því sambandi eru gerðar í 71. gr. Verðlagsráð sjávarútvegsins getur hins vegar starfað áfram óbreytt.

Við 42. gr.

Í 1. málsgrein er viðskiptaráðherra veitt heimild til að grípa til verðstöðvunar í einn mánuð og framlengja hana tvívegis, þó þannig, að hámark samfelldrar verðstöðvunar verði ekki lengra en 3 mánuðir. Þótt verðstöðvun til lengri tíma sé gagnslaus, getur verðstöðvun til styttri tíma, þar til aðrar aðgerðir eru undirbúnar, verið gagnleg. Þar sem hér er hins vegar eingöngu veitt heimild til raunverulegrar verðstöðvunar, verður hún að gilda í mjög skamman tíma. Einungis má grípa til algjörtrar verðstöðvunar, sem ekki mismunar fyrirtækjum. Við þær aðstæður má hvorki hækka verð á innlendri né erlendri vöru og þjónustu né laun eða leigu fyrir afnot fastafjármuna og lausafjármuna. Verðstöðvun er ætlað að gilda um öll fyrirtæki, bæði í eigu opinberra aðila og einkaaðila.

Við 43. gr.

Hér er lagt til, að stöðugt verðlag verði stefnuatriði og markmið í stjórn efnahagsmála. Til þess að ná því markmiði er stjórnvöldum gert skylt að beita aðgerðum í fjármálum hins opinbera og í peningamálum. Á undanförnum árum hefur markmiðið um stöðugt verðlag ekki verið haft til hliðsjónar við beitingu efnahagsaðgerða á þessum tveim sviðum, eins og glögggt má sjá, þegar verðlagsbreytingar síðustu ára eru skoðaðar.

Við 44. gr.

Hér er sett fram sú regla, að verðbreytingar einokunarfyrirtækja þurfi að hljóta samþykki Einokunarnefndar, áður en þær taka gildi, ef fyrirtækið býr við enga eða óverulega samkeppni og engin von er til þess að samkeppni geti aukist. Þessi skipan þykir eðlileg, þar sem einokunarfyrirtæki geta að sjálfsögðu með verðákvörðunum skapað sér óæskilega markaðsaðstöðu.

Við 45. gr.

Greinin fjallar um verðbreytingar annarra fyrirtækja en einokunarfyrirtækja. Um þau eiga að gilda tvenns konar reglur. Markaðsráðandi fyrirtæki þurfa að tilkynna Markaðsstofnun verðbreytingar með hálf mánaðar fyrirvara. Ástæðan er sú, að markaðsráðandi fyrirtæki geta misnotað aðstöðu sína með tvennum hætti. Bæði geta þau verið að halda uppi óeðlilega háu verði á grundvelli samstöðu og náð þannig til sín óeðlilegum hagnaði, slík samstaða hefur þó reynst skammvinn, þar sem ný fyrirtæki eru hvött til að hefja starfsemi á markaðinum, en einnig geta þátttakendur í samkomulaginu haft hag að því að rjúfa það. Þessi hættu er því ekki eins alvarleg og sú, þegar markaðsráðandi fyrirtæki eitt sér ákveður verð mjög lágt í þeim tilgangi að knésetja keppinaut eða takmarka samkeppni. Því þykir rétt, að Markaðsstofnun og Einokunarnefnd geti mótmælt verðbreytingum markaðsráðandi fyrirtækja, sem veldur því, að þau þurfa að endurskoða verðákvörðanir. Hins vegar er engin þörf á því, að þau fyrirtæki, sem ekki eru markaðsráðandi, tilkynni Markaðsstofnun um verðbreytingar. Slík skylda mundi einungis skapa pappírflóð og ónauðsynlegan kostnað, enda getur Markaðsstofnun fengið allar verðupplýsingar frá fyrirtækjum, þegar hún óskar, sbr. 50. gr.

VII. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

Við 46. gr.

Með þessari grein er tiltekið, að öll brot gegn ákvæðum þessara laga geti myndað kröfu um greiðslu skaðabóta til tjónþola, sem bæði getur verið keppinautur í viðskiptum og viðskiptaaðili.

Við 47. gr.

Hér er öllum félögum fyrirtækja í viðskiptalegum eða félagslegum tilgangi gert skylt að tilnefna fulltrúa, sem kemur fram fyrir þeirra hönd í málum, er snerta þessi lög. Þetta á þó einungis við, þegar lagaleg staða samtakanna er óviss. Svo mun til dæmis vera um flest félagasamtök atvinnurekenda.

Við 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II. HLUTI YFIRVÖLD

VIII. KAFLI YFIRVÖLD, SEM ANNAST EFTIRLIT OG FRAMKVÆMD ÞESSARA LAGA

Við 49. gr.

Hér eru taldir upp þeir fjórir aðilar, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga. Markaðsstofnun ber ábyrgð gagnvart viðskiptaráðherra, en viðskiptaráðherra skipar henni forstöðumann. Viðskiptaráðherra skipar sömuleiðis hina þrjá aðila, er sitja í Einokunarnefnd, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu. Dómsmálaráðherra skipar hins vegar formann Markaðsdómstólsins, en formaður dómsins velur með-dómendur úr hópi hinna skipuðu sjó- og verslunardómsmanna í hverri þinghá.

Við 50. gr.

Í greininni er yfirvöldum veittur viðtækur réttur til öflunar upplýsinga, en sömuleiðis settar ákveðnar reglur um það, hvernig þeirra má afla.

Við 51. gr.

Starfsmenn yfirvalda eru bundnir með þessari grein ákveðinni þagnarskyldu, sem fyrnist ekki, þótt þeir hætti starfi hjá viðkomandi yfirvöldum.

Við 52. gr.

Fyrir brot á þagnarskyldu má refsast með tvennum hætti: fengelsisvist og greiðslu sektar. Þyngd refsingarinnar fer eftir eðli brotsins. Einnig getur brot á þagnarskyldu skapað skyldu til greiðslu skaðabóta.

IX. KAFLI MARKAÐSSTOFNUN ÍSLANDS

Við 53. gr.

Greinin tiltekur, hvernig stofnun og starfsemi Markaðsstofnunar skuli háttað, hvernig ákvarðanir skulu teknar, hvaða þekkingu helstu starfsmenn skuli hafa og hvaða skyldur störf þeirra leggja þeim á herðar. Að öðru leyti er viðskiptaráðherra veitt heimild til að ákveða starfsreglur stofnunarinnar með reglugerð.

Við 54. gr.

Rétt þykir, að allar leiðbeiningar viðskiptaráðherra til Markaðsstofnunarinnar skuli birtar í Lögbirtingablaði, þannig að aðilum atvinnulífsins sé sem ljósust sú túlkun, sem yfirvöld leggja í þessi lög.

Við 55. gr.

Eitt að verksviðum Markaðsstofnunar á að vera að örva samkeppni, og telur greinin upp þrjú atriði í því sambandi. Með könnunum og verðsamanburði má verulega auka og örva samkeppni milli vörutegunda og seljenda. Slíkar kannanir verður þó að framkvæma þannig, að fyllsta hlutleysis sé gætt og niðurstöðurnar verði áreiðanlegar fyrir almenning. Hér skiptir því t. d. minna máli verð á einstökum vörum og þjónustu á milli fyrirtækja, heldur mun fremur, hvað ákveðið safn af vörum eða þjónustu kostar hjá tilteknum seljendum. Athuga mætti t. d., hversu mikið matvöruútgjöld vísitölufjölskyldunnar kosta í einstökum matvöruverslunum. Einnig mætti bera saman verð skyldrar vöru eða þjónustu og bera saman miðað við magn, þannig að sýnt verði meðalverð miðað við ákveðinn fjölda sölustaða.

Við 56. og 57. gr.

Þessar tvær greinar gefa Markaðsstofnun viðtækt vald, þar sem þær heimila stofnuninni að banna framkvæmd samnings eða ákvörðunar, sem er marklaus, og einnig að banna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja að starfa með samkeppnis- hamlandi hætti, sem er andstæður fyrri ákvæðum laganna. Markaðsstofnun hefur þó ekki öll völd í þessu efni, heldur geta fyrirtæki látið Markaðsdómstólinn skera úr ágreiningi um embættistakmörk Markaðsstofnunarinnar samkvæmt 61. gr.

Við 58. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til að heita dagsektum. Dagsektir eru hér ákveðnar í samræmi við lög um verðlagsmál og lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá 1960. Sektarfjárhæðir eru þó færðar til gildandi verðlags. Varðandi samruna fyrirtækja getur Markaðsstofnun tilnefnt hlutlausan fjárhaldsmann, þegar þörf krefur, og bannað notkun kosningarréttar.

Við 59. gr.

Hér er Markaðsstofnun gert skylt að birta ársskýrslu um ástand og framgang mála á sínu starfssviði stjórnvöldum, fyrirtækjum og almenningi til upplýsinga. Skýrslunni er ætlað að innihalda það efni, sem best lýsir ástandi mála, ásamt túlkunum yfirvalda á framkvæmd laganna.

X. KAFLI MARKAÐSDÓMSTÓLL

Við 60. gr.

Vegna sérstöðu sinnar þykir rétt, að sérstakur dómstóll sé stofnaður til að fjalla um þessi mál, enda er til þess ætlast, að meðdómendur hafi til að bera sérþekkingu á þessu sviði.

Við 61. gr.

Hér er ákveðin skipan mála varðandi dómsrannsókn og málsmeðferð fyrir Markaðsdómstólnum. Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Þó þykir rétt að vekja athygli á því, að Markaðsdómstólnum er ætlað að meta sjálfstætt, hvort um brot sé að ræða og hvers eðlis það sé, og meta gildi ákvörðunar Markaðsstofnunar og skera úr ágreiningi um embættistakmörk.

Við 62. gr.

Hér eru settar fram starfsreglur fyrir Markaðsdómstólinn í málum varðandi samruna fyrirtækja og upplausn samruna. Í 2. málsgrein eru settar fram viðmiðanir fyrir Markaðsdómstól til ákvörðunar um það, í hve miklum mæli samruni má takmarka samkeppni á markaði. Hér þarf hagur efnahagslífsins í heild eða almennings af samrunanum ávallt að vera meiri eftir breytinguna, en áður var.

Við 63. gr.

Í greininni er brotum gegn lögum skipt í tvo flokka eftir eðli þeirra og þyngd refsingar ákveðin í samræmi við það. Þyngsta refsing er ákveðin í samræmi við lög um verðlagsmál og lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá árinu 1960, en fjárhæð sekta er breytt til samræmis við gildandi verðlag. Eðlilegt þykir, að vanræksla á að veita upplýsingar eða skortur á tilkynningum séu talin vægari brot en brot á samkeppnislöggjöfinni sjálfri, og eru viðurlög ákveðin í samræmi við það.

**XI. KAFLI
EINOKUNARNEFND**

Við 64. gr.

Hlutverk Einokunarnefndar er að fjalla um verðbreytingar einokunarfyrirtækja og um réttmæti umdeilda verðbreytinga hjá markaðsráðandi fyrirtækjum. Því þykir rétt, að óvilhallir menn með fagþekkingu fjalli um þessi mál. Hér er því sú leið valin, að Hæstiréttur og Viðskiptadeild Háskóla Íslands tilnefni einn mann í nefndina hvor aðili, en formaður sé skipaður af viðskiptaráðherra án tilnefningar. Hér er vikið frá þeirri venju, að samtök launþega og atvinnurekenda tilnefni menn í slíka nefnd. Sú skipan hefur ekki reynst nægilega vel. Í 4. málsgrein eru gerðar ákveðnar kröfur til þeirra aðila, sem skipa Einokunarnefnd. Er þetta gert til þess að tryggja, eins og frekast er kostur, hlutleysi fulltrúa í nefndinni. Sömu leiðis eru gerðar kröfur í 5. málsgrein til ákveðinnar þekkingar, sem er nýmæli frá gildandi lögum. Nú eru t. d. engar kröfur gerðar til fulltrúa í verðlagsnefnd um kunnáttu og þekkingu á þeim málum, sem þar er fjallað um.

Við 65. gr.

Í greininni eru settar fram viðmiðanir við verðákvarðanir hjá einokunarfyrirtækjum. Eðlilegt má telja að hafa þar hliðsjón af þeirri ávöxtun, sem spariskírteini ríkissjóðs gefa. Sú fjárfesting nýtur skattfríðinda og er ekki háð mikilli áhættu. Því þarf að leiðrétta ávöxtun hjá einokunarfyrirtækjum til samræmis við áhættu og skattlagningu. Sem lágmarksviðmiðun í þessu sambandi mætti nefna, að Alþjóðabankinn gerir kröfu til 7% arðsemi hjá Landsvirkjun. Þá viðmiðun þarf að leiðrétta vegna skattskyldu. Í greininni er Einokunarnefnd einnig veittur sami réttur til öflunar upplýsinga og öðrum yfirvöldum, sem annast framkvæmd þessara laga, en á móti er Einokunarnefnd háð sömu þagnarskyldu og þessi yfirvöld.

Við 66. gr.

Hér er áskilið, að Einokunarnefnd skuli njóta skrifstofuaðstöðu hjá Markaðstofnun og starfslið stofnunarinnar annist undirbúning funda og önnur skyld störf. Þetta er gert til þess að spara tilkostnað.

**III. HLUTI
GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA**

**XII. KAFLI
GILDISSVIÐ**

Við 67. gr.

Með þessari grein er ákveðið, að þessi lög nái til allra atvinnustarfsemi, sem fæst við framleiðslu og sölu á vöru og þjónustu, hvort sem þessi fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Einu undanþágurnar, sem gerðar eru, varða verðmyndun. Þær undanþágur eru tilgreindar í 41. gr. hvað varðar fiskveiðar og landbúnað og í 68. gr. hvað varðar pósthjónustu, verð á áfengi og tóbaki og verð á lyfjum.

Við 68. gr.

Vegna sérstöðu þessarar vöru og þjónustu þykir rétt að núverandi skipan haldist. Ef svo væri ekki, gæti einokunarnefnd t. d. ákveðið að samþykkja ekki verð á áfengi og tóbaki, þar sem ríkissjóður væri að nýta einokunaraðstöðu til þess að ná óréttmætum hagnaði. Verð á áfengi og tóbaki er þó að sjálfsögðu hluti af skattheimtu ríkissjóðs og verður að skoðast þannig. Sömu leiðis tengist ákvörðun smásöluverðs lyfja þátttöku ríkissjóðs í kostnaði almenings vegna heilbrigðisþjónustu.

Við 69. gr.

Hér eru talin upp þau lög, sem eðlilegt þykir að falli úr gildi við gildistöku þessara laga. Fyrst má telja lög um verðlagsmál og breytingu á þeim lögum, enda koma þessi lög í þeirra stað. Um önnur lög gildir nokkuð öðru máli. Annaðhvort takmarka þau samkeppni vegna einokunarákvæða eða annarra samkeppnishamlandi samkeppnisákvæða eða þau eru orðin löngu úrelt, en gætu þó, ef þeim væri beitt, verið í andstöðu við þessi lög.

Við 70. gr.

Hér eru lögín sem heild ekki felld úr gildi, heldur er einstökum greinum þeirra breytt til samræmis við þessi lög. Fyrst má telja lög um óréttmæta verslunarhætti, en þar er felld niður ákvæði um hámarksverð og tvær greinar, sem snerta útsölur. Þessar greinar takmarka samkeppni. Í öðru lagi er 8. gr. laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála felld niður, þar sem ætlunin er að útflutningur verði frjáls. Fyrirtæki geta þó myndað samstöðu í útflutningi á grundvelli 2. gr. þessara laga með undanþágu frá 1. gr. Hið sama gildir um lög um Síldarútvegsnefnd og lög um tollheimtu og tolleftirlit. Þá er felld niður lögbundin einokun til handa Áburðarverksmiðju ríkisins, til Ríkisútvarpsins og til Pósts og síma. Allt eru þetta lögbundin einokunarákvæði, sem ástæðulaust er að séu í gildi. Einnig eru tvær heimildir til verðákvörðunar felldar úr gildi: Í fyrsta lagi heimild til að ákveða hámarksverð á brauði og þurmjólk, en einnig eru felld niður ákvæði um verðstöðvun í 10. gr. laga um launajöfnunarbætur o. fl.

Við 71. gr.

Í greininni er felld niður ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á smásöluverði landbúnaðarafurða, en einnig eru felld niður einokunarákvæði til handa Grænmetisverslun landbúnaðarins til sölu á matjurta og gróðurhúsaframleiðslu. Grænmetisverslun landbúnaðarins getur þó að sjálfsögðu starfað áfram á sínu sviði, en nýtur ekki lengur lögverndaðrar einokunar. Smásöluverð landbúnaðarafurða og matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu ræðst því af markaðsaðstæðum eftir þessa breytingu. Sú tvískipting, sem til þessa hefur verið á verðákvörðunum, sem snerta matvöruverslun, hafa verulega staðið heilbrigðri skipan verðlagsmála á þessu sviði fyrir þrifum.

Við 72. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

EFNISYFIRLIT
I. HLUTI
SAMKEPPNISHÖMLUR

I. kafli. Samningar og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

1. gr. Bann við samkeppnishömlum.
2. gr. Löglegar samkeppnishömlur.
3. gr. Leyfanlegar samkeppnishömlur.
4. gr. Tilkynningarskylda löglegra samkeppnishamla.
5. gr. Leyfi til samkeppnishamla.
6. gr. Lok samninga.
7. gr. Skrá um samkeppnishömlur.
8. gr. Opinber birting.
9. gr. Misnotkun markaðsaðstöðu.
10. gr. Lagagildi samkomulags.
11. gr. Slit samkomulags.

II. kafli. Um viðskiptahömlur.

12. gr. Markleysi samninga um endursöluverð.
13. gr. Endursöluverð bóka, blaða og tímarita.
14. gr. Eftirlit með framkvæmd 12. og 13. gr.
15. gr. Takmörkun viðskiptafrelsis.
16. gr. Áhrif banns á óskyld samningsatriði.
17. gr. Um höfundarrétt, einkaleyfi o. þ. h.
18. gr. Óverndaðir hagsmunir.

III. kafli. Starfsemi markaðsráðandi fyrirtækja.

19. gr. Markaðsráðandi fyrirtæki.
20. gr. Dótturfyrirtæki og tengd fyrirtæki.
21. gr. Samruni fyrirtækja.
22. gr. Markaðshlutdeild.
23. gr. Tilkynning um fyrirhugaðan samruna.
24. gr. Bann við samruna.
25. gr. Upplausn samruna.
26. gr. Undanþágur.

IV. kafli. Ólögleg markaðshegðun.

27. gr. Þvingun.
28. gr. Söluneitun.
29. gr. Verðmismunun.
30. gr. Auglýsingaþjónusta.
31. gr. Sala undir kostnaðarverði.
32. gr. Umboðssala.
33. gr. Aðild að samtökum um gæðamerki og stimpla.
34. gr. Verðleiðsögn.

V. kafli. Samkeppnisreglur.

35. gr. Skrá um samkeppnisreglur.
36. gr. Samningar um samkeppnisreglur.
37. gr. Rannsókn á samkeppnisreglum.
38. gr. Umsóknir og skrásetning samkeppnisreglna.
39. gr. Tilkynningar um samkeppnisreglur.
40. gr. Reglugerð um Skrá um samkeppnisreglur.

VI. kafli. Verðmyndun.

- 41. gr. Verðákvarðanir.
- 42. gr. Verðstöðvun.
- 43. gr. Verðlag.
- 44. gr. Verðbreytingar einokunarfyrtækja.
- 45. gr. Verðbreytingar markaðsráðandi fyrirtækja og annarra fyrirtækja

VII. kafli. Almenn ákvæði.

- 46. gr. Ábyrgð og skaðabætur.
- 47. gr. Um lögmennt samtaka.
- 48. gr. Ábyrgð.

**II. HLUTI
YFIRVÖLD**

VIII. kafli. Yfirvöld, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga.

- 49. gr. Yfirvöld.
- 50. gr. Öflun upplýsinga.
- 51. gr. Þagnarskylda.
- 52. gr. Viðurlög við broti á þagnarskyldu.

IX. kafli. Markaðsstofnun Íslands.

- 53. gr. Stofnun og starfsemi.
- 54. gr. Leiðbeiningar.
- 55. gr. Örvun samkeppni.
- 56. gr. Marklausir samningar.
- 57. gr. Samkeppnishamlandi hegðun.
- 58. gr. Sektir og aðhald.
- 59. gr. Ársskýrsla.

X. kafli. Markaðsdómstóll.

- 60. gr. Stofnun og skipulag.
- 61. gr. Dómsrannsókn og málsmeðferð.
- 62. gr. Dómar um samruna og upplausn.
- 63. gr. Um eðli brota og refsingar.

XI. kafli. Einokunarnefnd.

- 64. gr. Einokunarnefnd.
- 65. gr. Starfsreglur Einokunarnefndar.
- 66. gr. Skrifstofuhald Einokunarnefndar.

**III. HLUTI
GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA**

XII. kafli. Gildissvið.

- 67. gr. Tegund fyrirtækja.
- 68. gr. Undanþágur.
- 69. gr. Lög, sem falla úr gildi.
- 70. gr. Breytingar á eldri lögum.
- 71. gr. Breyting til samræmis við 41. gr.
- 72. gr. Gildistaka.